

GREINING Á ÞÖRF SORPBRENNNSLU-STÖÐVA Á ÍSLANDI



RESOURCE INTERNATIONAL EHF
Vallakór 4
203Kópavogi
www.resource.is
Tel: +354 571 5864

Titill: Greining á þörf sorpbrennslustöðva á Íslandi

Útgáfa: 2.0

Dagsetning útgáfu: 29.09.2020

Höfundar skýrslu:

Guðrún Guðmundsdóttir, Karl Eðvaldsson, Daníel Eldjárn Vilhjálmsson, Jón Örvar G. Jónsson, Ingibjörg A. Bergþórsdóttir og Sif Pétursdóttir.

Rýnendur á skýrslu hjá Resource International ehf:

Jón Örvar G. Jónsson & Karl Eðvaldsson

Viðskiptavinur:

Umhverfisstofnun

Tengiliður: Birgitta Stefánsdóttir

Netfang / E-mail: birgitta.stefansdottir@umhverfisstofnun.is

Þessi skýrsla er upphaflega skrifuð fyrir Umhverfisstofnun. Frekari notkun eða samnýting á innihaldi þessarar skýrslu skal gert með samþykki Umhverfisstofnunar.

Upplýsingar um ráðgjafarfyrirtæki:

ReSource International ehf.

Vallakór 4, 2 hæð

203 KÓPAVOGUR – Iceland

Sími: +354 571 5864

www.resource.is

Fyrirtækið ReSource International ehf. ber ekki ábyrgð á notkun gagna eða upplýsinga úr þessari skýrslu í öðru samhengi eða öðrum forritum.

1 Samantekt

Markmið verkefnisins er að gera grein fyrir þörf sorpbrennslustöðva á Íslandi. Lagt var upp með fjórar rannsóknarspurningar í þessu samhengi.

1. Hver verður þróun óendurvinnanlegs úrgangs á Íslandi á árunum 2025 til 2045, ef Ísland uppfyllir markmið Evrópusambandsins (ESB) um meðhöndlun úrgangs?
2. Hver verður þróun óendurvinnanlegs úrgangs á Íslandi á tímabilinu 2025-2045 ef Ísland nær betri árangri en sem nemur markmiðum ESB?
3. Hvaða úrgangsflokkar munu skapa þörf fyrir sorpbrennslu á tímabilinu 2025-2045?
4. Hvaða lausnir gætu mætt þörf fyrir sorpbrennslu á næstu 10-25 árum með tilliti til flutnings, hagkvæmni og kolefnispors?

Skilgreining á óendurvinnanlegum úrgangi í þessari skýrslu er úrgangur sem endar í förgun en ekki í endurvinnslu eða endurnýtingu. Hver þróun þessa úrgangs verður í magni til framtíðar er háð þeim árangri er næst í endurvinnslu og endurnýtingu á næstu áratugum. Fyrirséð er að ákveðin hluti úrgangs verði alltaf óendurvinnanlegur og því þarf að leita lausna til meðhöndlunar á honum. Hluta af óendurvinnanlegum úrgangi er t.d. hægt að brenna til orkunýtingar. Áhersla verkefnisins er að greina þörf fyrir sorpbrennslustöðvar og þannig er aðeins fjallað um brennanlegan úrgang sem var að meðaltali 23% af öllum úrgangi árin 2017 og 2018.


Til þess að svara spurningum eitt og tvö voru settar upp þrjár sviðsmyndir um þróun endurvinnslu og endurnýtingu til þess að sjá hversu stórt hlutfall yrði óendurvinnanlegt miðað við forsendur hverrar sviðsmyndar (sjá kafla 7). Sviðsmyndirnar og spár þeirra miða við meðaltal úrgangsmyndunar áranna 2017 og 2018. Í sviðsmyndunum er notast við heitið áætlaður fargaður brennanlegur úrgangur, sem er sá úrgangur sem ratar ekki í endurvinnslu en nýtist við orkuframleiðslu við sorpbrennslu.

Sviðsmynd nr. 1: Óbreytt ástand- Ísland bætir ekki hlutfall endurvinnslu eða endurnýtingu

Sviðsmynd nr. 2: Markmiðum ESB um meðhöndlun úrgangs náð - Ísland eykur hlutfall endurvinnslu og endurnýtingu í ákveðnum úrgangsflokkum í samræmi við markmiðum ESB.

Sviðsmynd nr. 3: Besta útkoma samkvæmt sérfræðingum ReSource International ehf. - Ísland nær hámarks hlutfalli endurvinnslu í þremur stærstu úrgangsflokkunum; plast, pappír, matarleifar og hámarks hlutfalli endurnýtingu í öllum úrgangsflokkum.

Grafið á mynd A sýnir spá um magn fargaðs brennanlegs úrgangs á tímabilinu fyrir sviðsmyndir 1, 2 og 3. Á myndinni sést áætlað heildarmagn brennanlegs úrgangs og þrjár sviðsmyndir um magn áætlað fargaðs úrgangs. Munurinn á milli heildarmagn brennanlegs úrgangs og niðurstöður sviðsmyndana er sá úrgangur sem ratar í endurvinnslu. Sem dæmi þá er áætlað í sviðsmynd 2, þar sem markmiðum ESB nást, að endurvinnslu hlutafallið verður tvöfalt meira heldur en í sviðsmynd 1, árið 2030 þar sem gert er ráð fyrir óbreytt ástand. Tafla A sýnir spá um örlög brennanlegs úrgangs og hvernig hlutföllin milli endurvinnslu, endurnýtingar og förgun innan brennanlegs úrgangs breytast milli sviðsmynda yfir tímabilið 2025 - 2045 .



Mynd A. Spá um magn fargaðs brennanlegs úrgangs á Íslandi árin 2025 til 2045. Öryggisbilið gefur til kynna óvissu byggða á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2019).

Tafla A. Spá um straum brennanlegs úrgangs á Íslandi, samanburður þriggja sviðsmynda árin 2025 til 2045.

Ár	2025	2030	2035	2040	2045
Heildarmagn úrgangs [t]	1.217.658	1.208.548	1.269.999	1.324.049	1.370.302
Brennanlegt [t]	278.695	276.610	290.674	303.045	313.631
SM1	Endurvinnsla [t]	65.557	65.067	68.375	71.285
	Endurnýting [t]	28.864	28.648	30.105	31.386
	Förgun [t]	184.273	182.895	192.194	200.374
SM2	Endurvinnsla [t]	108.575	124.039	130.346	135.894
	Endurnýting [t]	48.825	61.375	64.496	67.240
	Förgun [t]	121.295	91.195	95.832	99.911
SM3	Endurvinnsla [t]	210.302	208.728	219.342	228.677
	Endurnýting [t]	34.541	34.282	36.026	37.559
	Förgun [t]	33.852	33.599	35.307	36.810

Í töflu A sést áætlað heildarmagn úrgangs á árunum 2025-2045 og magn brennanlegs úrgangs þar af en spáin gerir ráð fyrir að heildarmagn úrgangs aukist um 12,5% frá 2025 til 2045. Hlutfall brennanlegs úrgangs þar af er áætlað í kringum 23%.

Ef Ísland nær að uppfylla markmið ESB um meðhöndlun úrgangs (sviðsmynd 2) mun óendurvinnanlegur úrgangur dragast saman um 49% og samsetning hans verður hentugri fyrir brennslu en ella (sjá nánari umfjöllun í kafla 7.2). Ef Ísland nær betri árangri en markmið ESB um meðhöndlun úrgangs (sviðsmynd 3) mun óendurvinnalegur úrgangur dragast saman um 81%.

Þegar samsetning fargaðs brennanlegs úrgangs er skoðaður (sjá kafla 7) eru ákveðnir úrgangsflokkar umfram aðra sem munu skapa þörf fyrir sorpbrennslu á næstu 25 árum. Þessir úrgangsflokkar eru aðallega blandaður heimilisúrgangur, blandaður óskilgreindur úrgangur, gúmmí, viður (ekki umbúðir) og leifar frá meðhöndlun úrgangs. Þar að auki má nefna eðju, seyru, dýrahrað, sláturúrgang og fiskúrgang, þegar sa úrgangur hefur verið for-meðhöndlaður og/eða þurrkaður. Hlutfall þessara flokka er breytilegt eftir sviðsmyndum.

Sviðsmynd 1: Af þeim brennanlegum úrgangi sem áætlað er að þurfi að farga er 72,7% blandaður heimilisúrgangur, 8,5% dýrahrað, slátur- og fiskúrgangur, 10,4% blandaður óskilgreindur úrgangur og 3,3% viðarúrgangur (ekki umbúðir) aðrir flokkar 5%, sjá mynd 13.

Sviðsmynd 2: Af þeim brennanlega úrgangi sem er áætlað að þurfi að farga skv. sviðsmynd 2 árið 2030 er 22,5% blandaður heimilisúrgangur, 21,7% plast, 17,0% dýrahrað, slátur- og fiskúrgangur, 12,1% pappír og 10,0% viðarúrgangur (ekki umbúðir), sjá mynd 16. Með þessum árangri væri magn brennanlegs úrgangs sem þyrfti að farga árið 2030 á bilinu 88-95 þúsund tonn þegar tekið er mið af öryggisbili um mannafjöldaspá. Ef horft er til ársins 2045 þá er áætlað magn brennanlegs úrgangs sem þyrfti að farga með öryggisbili um mannafjöldaspá um 96-111 þúsund tonn.

Sviðsmynd 3: Af þeim brennanlega úrgangi sem er áætlað að þurfi að farga í sviðsmynd 3 árið 2025 er 46,1% blandaður heimilisúrgangur 14,6% viðarúrgangur (ekki umbúðir), 14,9% hjólbarðar og annað gúmmí 6,6% blandaður óskilgreindur úrgangur (t.d. frá rekstri og veiðarfæri) og 6,4% leifar frá meðhöndlun úrgangs, sjá mynd 18. Með þessum árangri væri magn brennanlegs úrgangs sem þyrfti að farga árið 2030 á bilinu 32-35 þúsund tonn þegar tekið er mið af öryggisbili um mannafjöldaspá. Ef horft er til ársins 2045 þá er áætlað magn brennanlegs úrgangs sem þyrfti að farga með öryggisbili um mannafjöldaspá um 35-41 þúsund tonn. Taka skal fram að afar ólíklegt þykir að hægt sé að ná þeim markmiðum sem settar eru fram í sviðsmynd þrjú, hér er aðalega verið að leggja fram sviðsmynd sem gerir fólk kleift að sjá hvar er mögulega hægt að gera betur í endurvinnslu og hvaða áhrif það myndi hafa á samsetningu úrgangsins.

Í ljósi þeirra spá um þróun sem sett er fram í sviðmyndum um magn brennanlegs úrgangs og úrgangsflokkar voru eftirfarandi þrjár leiðir varðandi útfærslu á sorpbrennslu bornar saman með tilliti til flutnings úrgangsins, hagkvæmni og kolefnisspors. Þessar þrjár leiðir eru: Ein sorpbrennslustöð á Íslandi; sorpbrennslustöðvum dreift um landið; sorpbrennsla á íslenskum úrgangi erlendis (sjá kafla 10)

Leið 1. – Ein sorpbrennslustöð til orkunýtingar fyrir allt landið

Kostir þess að vera með eina brennslustöð á landinu er t.d. að heildar rekstrarkostnaður er minni (kr/kg) samanborið við að vera með margar minni stöðvar um landið (Dominic, 2005). Stærri nýrri ofnar svokallaðir hátækni ofnar þykja einnig ná að nýta best þá orku sem skapast og draga mest úr loftmengun frá stöðinni. Ef horft er til staðsetningar á einni sorpbrennslustöð þá er ein megin forsendan sem sett er fram í þessari skýrslu við staðarval að sorpbrennslustöðin væri staðsett nálægt megin uppsprettu á úrgangi. Höfuðborgarsvæðið er með um 73% af heildarúrgangi landsins og er því ráðlagt, ef setja á upp

eina stöð fyrir landið, að hún yrði þá staðset í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Ef sorpbrennsluofninn á að geta annað það magn sem þyrfti að brenna miðað við sviðsmynd 2 þá þarf brennslu geta ofnsins að vera um 11 – 13 tonn/klst, ef miðað er við 8000 klst gangtíma á ári. Helsti gallinn við að vera með eina sorpbrennslustöð eru þær vegalengdir sem landsbyggðin þyrfti að fara með sinn úrgang til brennslu með tilheyrandi slit á vegum og aukin kolefnislosun.

Leið 2. – Sorpbrennslustöðvum dreift um landið

Í þessari skýrslu er sett upp sviðsmynd þar sem skoðað er möguleikann á því að setja upp 5 sorpbrennslustöðvar dreift um landið. Kostir þess að brennslustöðvum yrði dreift um landið er að dregið yrði úr flutningi á úrgangi á milli landshluta og ef til vill væri hægt að auka orkuöryggi á ákveðnum stöðum á landinu. Rekstrarkostnaður smærri sorpbrennslustöðva er hins vegar hærri (kr/kg) í samanburði við stærri brennslustöðvar. Þörf er á skilvirkari og nákvæmari gagnaöflun í flestum sveitarfélögum til þess að geta áætlað nákvæmari orkunýtingarmöguleika og stærð sérhvers brennsluofns.

Leið 3. – Sorpbrennsla á íslenskum úrgangi erlendis

Kostur þess að sorpbrennsla fari fram erlendis er að framkvæmdar- og rekstrarkostnaður er í lágmarki hér á landi, kostnaður fylgir helst því að undirbúa úrganginn til flutnings. Sorpbrennsla í vestur Evrópu þykir einnig umhverfisvænn kostur þegar verið er að bera saman orkuframleiðslu á brennslu úrgangs samanborið við brennslu á kolum. Þ.e.a.s. fyrir hverja MWh sem hægt er að framleiða með því að brenna sorp þá er verið að koma í veg fyrir að þurfa að brenna kol til að framleiða þessa sömu MWh. Brennsla á kolum losar um þrisvar sinnum meira CO₂/MWh heldur en brennsla á sorpi. Hins vegar eru mörg lönd, eins og t.d. Danmörk, Þýskaland og Írland, að hverfa frá kolabrennslu til orkunýtingar og þannig verður munur á kolefnisspori sorpbrennslu erlendis og á Íslandi minni í framtíðinni. Mörg Evrópulönd eru einnig farin að skattleggja innfluttan úrgang og loka sorpbrennsluofnum. Það er því metið sem svo að ekki þykir vænlegt að líta á sorpbrennslu erlendis sem framtíðar lausn á úrgangsmálum hérlendis þó að ágæt sé að nýta þessa lausn þar til aðrar lausnir verða í boði hér á landi.

.....	0
Titill: Greining á þörf sorpbrennslustöðva á Íslandi	1
1 Samantekt.....	2
2 Orðalisti	8
3 Inngangur.....	8
3.1 Regluverk um meðhöndlun úrgangs á Íslandi.....	9
3.2 Markmið	9
Fyrri hluti: Greining úrgangsmyndunar á Íslandi.....	11
4 Aðferðarfræði.....	11
4.1 Flokkun úrgangs.....	11
4.2 Brennanleiki úrgangs	11
4.3 Orkuinnihald úrgangsflokka	15
5 Úrgangur á Íslandi og gæði gagna, árin 2000 til 2018	16
5.1 Gæði og samræmi gagna	17
6 Úrgangsmyndun á Íslandi 2020 til 2045	21
6.1 Spálíkan fyrir úrgangsmagn.....	22
7 Sviðsmyndir og forsendur.....	24
7.1 Sviðsmynd 1: Óbreytt ástand.....	24
7.2 Sviðsmynd 2: Markmiðum náð	26
7.3 Sviðsmynd 3: Besta útkoma.....	29
7.4 Niðurstöður sviðsmynda.....	31
7.5 Orkuinnihald sviðsmynda.....	32
8 Samantekt á greiningu úrgangsmyndunar.....	33
Síðari hluti: Sorpbrennsla á Íslandi, framtíðarhorfur	35
9 Almennt um sorpbrennslustöðvar	35
9.1 Hvað er sorpbrennsla?.....	36
9.2 Val á stærð brennsluofna.....	36
10 Möguleikar sorpbrennslu til orkunýtingar á Íslandi	37
10.1 Forsendur fyrir mat á staðsetningu sorpbrennslustöðva.....	37
10.2 Ein sorpbrennslustöð á Íslandi.....	38
10.3 Sorpbrennslustöðvum dreift um landið.....	39
10.4 Sorpbrennsla á íslenskum úrgangi erlendis	41
11 Samantekt á möguleikum sorpbrennslu til orkunýtingar.....	42
12 Umræða.....	43

13	Heimildaskrá	44
	Viðaukar.....	47
14	Landshlutagreining	47
14.1	Austurland	47
14.2	Höfuðborgarsvæðið	48
14.3	Norðurland eystra.....	49
14.4	Norðurland vestra.....	50
14.5	Suðurland.....	50
14.6	Suðurnes.....	51
14.7	Vestfirðir	52
14.8	Vesturland	52
15	Eiginkleikar úrgangsflokka eftir sviðsmyndum.....	54
16	Sviðsmynd 1. Óbreytt ástand	58
17	Sviðsmynd 2. Markmiðum ESB náð	59
18	Sviðsmynd 3. Besta útkoma	69
19	Almennt um sorpbrennsluofna.....	70
19.1	Tegundir sorpbrennsluofna	70
19.2	Útblástursstýring.....	72
19.3	Rekstur brennslustöðva	72
19.4	Sorpbrennsla í samanburðarlöndum	73
19.5	Spá um magn brennanlegs úrgangs á Íslandi 2045 – Sviðsmynd 2.....	76
19.6	Útreikningar á kolefnisspori.....	78

2 Orðalisti

ESB – Evrópusambandið

EWC stat - Evrópskt úrgangsflokkunarkerfi fyrir tölfraði (*European Waste Classification for Statistics*)

EFTA – Fríverslunarsamtök Evrópu

Gaja – Gas- og jarðgerðarstöð

LHV – Lower Heating Value (Lægra hitagildi)

RDF – Eldsneyti unnið úr úrgangi (e. Refuse Derived Fuel)

Brennanlegur úrgangur - Sá hluti úrgangs sem hægt er að brenna þannig að orka hlýst af bruna hans (miðað við orku-, raka- og öskuinnihald) og á sama tíma myndar ekki tærandi efni við bruna sem gæti eyðilagt brennsluofna

Óendurvinnanlegur úrgangur - Sá úrgangur sem ekki er hægt að endurvinna hverju sinni, hvort sem það sé vegna gerð efnis, tæknilegra vandamála eða skorts á hagnýtum lausnum.

Áætlaður fargaður úrgangur - Sá úrgangur sem áætlað er að hvorki sé hægt að endurvinna né endurnýta, hvort sem það sé vegna gerð efnis, tæknilegra vandamála eða skorts á hagnýtum lausnum.

3 Inngangur

Á árunum 1970 til 1990 voru engar sérstakar kröfur gerðar til staðsetningar, rekstrar eða frágangs urðunarstöðva á Íslandi. Úrgangi var víða rutt út í sjó, brenndur í opinni brennslu eða í brennsluþróm. Ekki er vitað um nákvæma staðsetningu allra aflagðra urðunarstaða né magn eða samsetningu úrgangsins sem urðaður var. Hins vegar er vitað að blandaður úrgangur var að mestu urðaður, þ.e. allur blandaður heimilis- og rekstrarúrgangur, spilliefni ofl.. Á þessum tíma voru engar ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að mengunarvaldar bærust út í umhverfið (Meyles, 2003).

Árið 1990 voru um 19 stöðvar notaðar til opinna brennslu og voru samtals 60 skráðir förgunarstaðir á landinu (Meyles, 2003). Frá árinu 1990 hafa orðið umskipti í úrgangsmálum á Íslandi sem stafa helst af A) alþjóðlegum umhverfisverndarsáttmálum sem Ísland er aðili að, B) stofnun Umhverfisráðuneytisins árið 1990, C) þátttöku Íslands í EES-samningum og setningu laga um meðhöndlun úrgangs, D) rekstur sem annast förgun varð starfsleyfisskyldur, E) stofnun Úrvinnslusjóðs og F) breytingu á gjaldskrá móttöku- og endurvinnslustöðva á landinu.

Skýrsla þessi greinir þörf fyrir rekstur sorpbrennslustöðva á Íslandi. Metið er magn og samsetningu brennanlegs og óendurvinnanlegs úrgangs á Íslandi með tilliti til markmiðum ESB um meðhöndlun úrgangs sem Ísland þarf að uppfylla.

3.1 Regluverk um meðhöndlun úrgangs á Íslandi

Samkvæmt rammatilskipun ESB um úrgang (e. Waste Framework Directive 2008/98/EC) er úrgangur skilgreindur sem „hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlað að losa sig við eða er gert að losa sig við“.

Ísland er meðlimur að fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og hefur samþykkt samning Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og ber þess vegna skylda til þess að skila gögnum um úrgangsmýndun og uppfylla markmið rammatilskipunar ESB um úrgang. Markmið Evrópusambandsins eru sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Markmið ESB um ráðstöfun úrgangs til ársins 2035.

Úrgangsflokkur	Ráðstöfun	Markmið 2025	Markmið 2030	Markmið 2035
Álumbúðir	Endurvinnsla	50%	60%	
Glerumbúðir	Endurvinnsla	70%	75%	
Heimilisúrgangur	Endurvinnsla	55%	60%	
Heimilisúrgangur	Urðun			10%
Plastumbúðir	Endurvinnsla	50%	55%	
Rafhlöðu- og rafgeymaúrgangur	Söfnun	85% (2024)		
Umbúðaúrgangur	Endurvinnsla	65%	70%	
Umbúðir úr járnrikum málmi	Endurvinnsla	70%	80%	
Umbúðir úr pappír og pappa	Endurvinnsla	75%	85%	
Viðarumbúðir	Endurvinnsla	25%	30%	

3.2 Markmið

Markmið verkefnisins er að meta líklega þróun á magni óendurvinnanlegs úrgangs á Íslandi til næstu 25 ára. Einnig skal meta hvaða úrgangsflokkar öðrum fremur skapa þörf fyrir sorpbrennslu og hvaða lausnir eru hagkvæmestar til að mæta slíkri þörf.

Leitast var við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvernig mun magn óendurvinnanlegs úrgangs sem fellur til á Íslandi, þróast frá árinu 2025 til ársins 2045, ef töluleg markmið, sem áætlað er að munu taka gildi um endurvinnslu, verða uppfyllt?
- Hvernig mun magn óendurvinnanlegs úrgangs á Íslandi þróast til ársins 2045, ef aðgerðir, sem ætlunin er að ráðast í til stuðnings aukinnar endurvinnslu, skila miklum árangri sem mun leiða til þess að hlutfall endurvinnslu verður enn hærra en þau tölulegu markmið sem fyrirséð er að munu taka gildi segja til um, þ.e. ef hér á landi næst eins hátt hlutfall endurvinnslu og raunhæft getur talist?
- Er fyrirséð að einhverjir úrgangsflokkar, öðrum fremur, skapi þörf fyrir sorpbrennslu á næstu 10–25 árum, ef tillit er tekið til þeirra breytinga á umhverfi endurvinnslu og urðunar í landinu sem fyrirséðar eru?
- Hvaða lausnir, hérleidis eða erlendis, gætu mætt áætlaðri þörf fyrir brennslu á úrgangi ef horft er til næstu 10-25 ára, þar sem mið er tekið af magni óendurvinnanlegs úrgangs sem mun falla til hér á landi, dreifingu þess um landið, kolefnisspori og hagkvæmni mögulegra kosta við sorpbrennslu?

Vegna umfangs verkefnisins er skýrslu þessari skipt upp í two hluta: *Greining úrgangsmyndunar á Íslandi* og *Sorpbrennsla á Íslandi, framtíðarhorfur*. Í fyrri hlutanum verður fyrstu þremur spurningunum svarað varðandi þróun magns og úrgangflokka og í síðari hlutanum er síðustu spurningunni svarað og möguleikar sorpbrennslu á Íslandi kannaðir.

Í *Greining úrgangsmyndunar á Íslandi* er fyrst fjallað um flokkunarkerfi úrgangs (kafli 4.1) og skilgreiningu brennanlegs úrgangs (kafli 4.2). Farið verður í saumana á fortíð, nútíð og framtíð úrgangsmyndunar á Íslandi með tilliti til gagnasöfnunar. Gert verður grein fyrir úrgangsmyndun á Íslandi á árunum 2000 til 2018 (kafli 5), gæði gagna og samræmi þeirra (kafli 5.1), og aðferðafræði og útreikninga við gerð spálíkans um magn úrgangs sem mun falla til á Íslandi til ársins 2045 (kafli 6). Í viðauka 14 er svo að finna nánari upplýsingar um magn og samsetning úrgangs eftir landshlutum árið 2018.

Í kafla sjö eru þrjár sviðmyndir skoðaðar.

Sviðsmynd 1: Óbreytt ástand- Ísland bætir ekki hlutfall endurvinnslu eða endurnýtingu í samanburði við meðaltal fyrir árið 2017 og 2018

Sviðsmynd 2: Markmiðum ESB um meðhöndlun úrgangs náð - Ísland eykur hlutfall endurvinnslu og endurnýtingu í ákveðnum úrgangsflokkum í samræmi við markmiðum ESB (sjá töflu 1)

Sviðsmynd 3: Besta útkoma samkvæmt sérfræðingum ReSource International ehf. - Ísland nær hámarks hlutfalli endurvinnslu í þremur stærstu úrgangsflokkunum; plast, pappír, matarleifar og hámarks hlutfalli endurnýtingu í öllum úrgangsflokkum.

Þá er gert grein fyrir orkuinnihaldi efnanna fyrir sviðsmyndirnar þrjár í kafla 7.5. en orkuinnihald úrgangsefna er mikilvægt þegar kemur að því að skoða forsendur sorpbrennslu.

Í öðrum hluta skýrslunnar, *Sorpbrennsla á Íslandi, framtíðarhorfur* er farið yfir sorpbrennslu í samanburðarlöndum og lagðar fram þrjár mismunandi útfærslur hvernig má uppfylla þörf fyrir sorpbrennslu á Íslandi og forsendur fyrir val á staðsetningu sorpbrennslustöðva. Þær eru: Ein sorpbrennslustöð á Íslandi; Sorpbrennslustöðvum dreift um landið; Sorpbrennsla á íslenskum úgangi erlendis. Kolefnisspor sorpbrennslu og urðunar eru svo borin saman í kafla 10.4.

Fyrri hluti:

Greining úrgangsmyndunar á Íslandi

Aðferðarfræði	11
Úrgangur á Íslandi og gæði gagna, árin 2000 til 2018	16
Úrgangsmyndun á Íslandi 2020 til 2045	21
Sviðsmyndir og forsendur.....	24
Samantekt á greiningu úrgangsmyndunar.....	33

4 Aðferðarfræði

Magntölur eru byggðar á EWC-stat kerfi sem er sú úrgangsflokkun sem notast er við skil á gögnum til Hagstofu ESB (Eurostat). Brennanlegur úrgangur er skilgreindur út frá EWC-stat flokkun og orkuinnihald flokkanna var metið í kjölfarið.

4.1 Flokkun úrgangs

Við flokkun mismunandi tegunda úrgangs var miðað við reglugerð ESB nr. 2150/2002 (Commission, 2002) um úrgangstölfraði og viðbætur við hana, reglugerð nr. 849/2010 (Commission, 2002) sem skilgreina Evrópskt úrgangsflokkunarkerfi fyrir tölfraði (*European Waste Classification for Statistics, EWC-Stat*). EWC-flokkunarkerfið skiptir öllum úrgangi upp í 33 meginflokkka sem sumir skiptast síðan enn frekar upp í spilliefni og ekki spilliefni.

Þetta flokkunarkerfi er gert til þess að tölfraði um úrgang aðildarríkja ESB og EES sé sambærileg milli landa. Flokkarnir eru skilgreindir af Hagstofu ESB (Eurostat, 2010).

4.2 Brennanleiki úrgangs

Mikilvægt er að skilgreina hversu vel úrgangur hentar til brennslu til þess að geta ákvarðað orkuinnihald þess úrgangs sem á að brenna. Hentugleika úrgangs til brennslu má nálgast á two vegu. Annars vegar má athuga hvort viðkomandi úrgangsflokkur innihaldi efni sem er hættulegt að brenna eða geta haft neikvæð áhrif á brennsluofninn og hins vegar má skoða hlutfall raka, ösku og brennanlegs efnis í viðkomandi flokki, en þessi hlutföll ákvarða hvort hægt sé að brenna viðkomandi flokk án utanaðkomandi eldsneytis.


Úrgangur sem inniheldur ólifræn sölt, hátt brennisteins- eða halógenmagn eða er geislavikur hentar illa til brennslu.

- **Ólifræn sölt.** Úrgangur sem er ríkur af basískum söltum er óhentugur til brennslu vegna þess að söltin leysast upp í lofti, setjast innan á brennsluofninn og draga úr virkni brennslunnar.

- **Hátt brennisteins- eða halógenmagn.** Klóríð og súlfíð geta myndað súr efnasambönd sem brjóta niður málma og aðra hluta brennsluofnsins.
- **Geislavirkur úrgangur.** Brennsluofnar þurfa að vera sérstaklega hannaðir til þess að brenna geislavirkana úrgang.

Hlutfall raka, ösku og brennanlegs efnis ákvarðar hversu vel úrgangur brennur. Orka fer í það að hita upp rakan í efninu og breyta því í gufu, svo raki dregur úr brennanleika úrgangs. Aska er sá hluti úrgangsins sem hefur ekkert orkuinnihald og situr eftir þegar búið er að brenna úrganginn. Aska er samsett úr steinefnum (t.d. kísil, fosfór, natríum, kalk o.fl..) og málmum (ál, járn, o.fl.) (Tchobangoglou & Kreith, 2002). Aska hefur ekki bein neikvæð áhrif á brennanleika eins og raki en hærra hlutfall hennar þýðir engu að síður að minna er af brennanlegum efnum í úrganginum og dregur þ.a.l. úr brennanleika þess. Þegar búið er að draga vatn og ösku frá er brennanlegi hluti úrgangsins eftir (einnig nefnt rokgjörn föst efni – e. volatile solids, VS) en það er sá hluti sem inniheldur efnasambönd sem geta oxast og gefið frá sér hita.

Mynd 1 sýnir teikningu Tanners, en hún lýsir því hvernig hlutföll raka, ösku og brennanlegs efnis hafa áhrif á brennanleika úrgangs. Úrgangur sem er innan skyggða svæðisins á myndinni getur viðhaldið eigin bruna án þess að það þurfi að notast við utanaðkomandi eldsneyti. Samkvæmt teikningunni þarf úrgangurinn að innihalda minna en 50% vatn, minna en 60% ösku og meira en 25% brennanlegt efni (Christensen, 2011).



Mynd 1. Teikning Tanners. Úrgangur sem fellur innan við gráa svæðið er hægt að brenna án eldsneytisaðstoðar (Christensen, 2011).

Teikning Tanners og áðurnefnd skilyrði ákvarða getu EWC-stat flokka sem falla til á Íslandi til að viðhalda eigin bruna og þar af leiðandi hentugleika þeirra til sorpbrennslu. Til þess að geta greint hlutfall raka, ösku og brennanlegra efna fyrir hvern úrgangsflokk þarf að skoða innihaldsefni þeirra. Þetta var gert með hjálp EASETECH líkansins sem er lífsferilsgreiningarlíkan (e. LCA model) þróað af Tækniháskólanum í Danmörku (DTU) sem er sérhæft til þess að reikna umhverfisáhrif úrgangsstjórnunar, þ.e. þjónustu og meðhöndlun úrgangsefna. EASETECH líkanið hefur gagnabanka yfir eiginleika fjölða úrgangsflokka, meðal annars hlutföll raka, ösku og brennanlegra efna sem og orkuinnihald viðkomandi flokka. Með því

að tengja saman EWC og EASETECH flokkana er hægt að fá yfirlit yfir hvaða EWC-stat flokkar henta til sorpbrennslu.

Tafla 2 sýnir alla EWC-stat flokkana og hvort þeir uppfylli skilyrðin að geta viðhaldið eigin bruna. Í töflunni hafa verið merktir með rauðu þeir flokkar sem ekki uppfylla skilyrðin samkvæmt skilgreiningu Tanners til að hægt sé að brenna þau (eru ekki brennanlegir). Þeir flokkar sem eru merktir með gulu eru úrgangsflokkar sem hafa yfirleitt hærra en 50% rakainnihald en hægt væri að auka brennanleika þeirra með því að þurrka. Ef þessir flokkar eru ekki þurrkaðir má gera ráð fyrir að brennsla þeirra muni kosta orku í stað þess að framleiða orku. Nákvæm greining á hlutfalli raka, ösku og brennanlegra efna í þeim EWC-stat flokkum sem eru brennanlegir má sjá í viðauka 15.

Þeir úrgangsflokkar, sem ekki eru merktir, eru undir venjulegum kringumstæðum brennanlegir. Hins vegar eru flokkar í töflunni, eins og t.d. *Notaðir leysar, Úrgangur frá heilbrigðisstofnum, Raf- og rafeindatækjaúrgangur og Leifar frá meðhöndlun úrgangs*, sem þarf að meta hverju sinni hvort innihaldi ólífraen sölt, hátt brennisteins- eða halógenmagn eða geislavirkan úrgang og henta því ekki til brennslu.

Tafla 2. Kóðar og úrgangslýsingar EWC flokkunarkerfisins sem skráðir voru á Íslandi 2018. Rauðu raðirnar gefa til kynna að flokkur er óhentugur til brennslu og gulur raðirnar gefa til kynna að meðal rakainnihald flokksins er hár og það þyrfti að þurrka efníð fyrir brennslu, annað flokkast sem brennanlegt.

EWC Kóði	Lýsing
01.1	Notaðir leysar
01.2	Sýrur, basar og úrgangur í saltlausn
01.3	Notaðar olíur
01.4, 02, 03.1	Efnaúrgangur
03.2	Eðja frá iðnaðarfrárennslí
03.3	Eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun úrgangs
05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnum
06.1	Málmúrgangur, járnríkur (ekki umbúðir)
06.2	Málmúrgangur, járnlaus (ekki umbúðir)
06.31	Málumbúðir
06.32	Málmúrgangur, blandaður járnríkur og járnlaus (ekki umbúðir)
07.11	Glerumbúðir
07.12	Glerúrgangur (ekki umbúðir)
07.21	Pappírs- og pappaumbúðir
07.23	Pappírs- og pappaúrgangur (ekki umbúðir)
07.3	Hjólbarðar og annað gúmmí
07.41	Plastumbúðir
07.42	Plastúrgangur (ekki umbúðir)
07.51	Viðarumbúðir
07.53	Viðarúrgangur (ekki umbúðir)
	Viðarúrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi
07.6	Textílúrgangur
7.7	Úrgangur sem inniheldur PCB
08.1	Úr sér gengin ökutæki
08.2	Raf- og rafeindatækjaúrgangur
08.41	Rafhlöður og rafgeymar
09.11	Dýrahræ
	Fiskúrgangur
	Sláturúrgangur
09.12	Matarúrgangur frá eldhúsum og verslunum
09.21	Garðaúrgangur, garðyrkju- og skógræktarúrgangur
09.31	Húsdýraskítur
	Blandaður heimilisúrgangur (sorpirða, gámasvæði, rúmfrekur úrgangur)
10.11	Úrgangur frá götuhreinsun
10.22	Blandaður, óskilgreindur úrgangur (t.d. frá rekstri)
	Veiðarfæri
10.3	Leifar frá meðhöndlun úrgangs
11.4	Ristarúrgangur og seyra
12.11	Óvirkur úrgangur (t.d. steypa, flísar, gifs, gler)
12.12	Malbik
12.13	Blandaður byggingar- og niðurrifsúrgangur
12.2	Úrgangur sem inniheldur asbestos
12.3	Jarðefni (t.d. steinar, möl og sandur)
12.4	Úrgangur frá varmaferlum
12.5	Tilbúin steinefni og eldföst efni
12.6	Jarðvegur (hreinn)
	Jarðvegur (mengaður)
12.8	Leifar frá brennslu og hitasundrun úrgangs

4.3 Orkuinnihald úrgangsflokka

Til þess að hægt sé að meta enn frekar brennanleika þess úrgangs sem fellur til á Íslandi þarf að skoða orkuinnihald hans. Í því samhengi er lægra hitagildi úrgangsins (e. Lower Heating Value, LHV) sú tala sem skiptir mestu máli þegar skoða á hentugleika úrgangs til sorpbrennslu.

Hitagildi efnis er sú orka sem losnar við fullkomna oxun, þ.e. bruna, efnisins. Hægt er að skipta hitagildi frekar upp í hærra og lægra hitagildi. Lægra hitagildi efnis er sú orka sem fæst við fullkominn bruna efnis að frádreginni þeirri orku sem fer í að hita upp þann raka sem er í efninu og breyta í gufu. Hærra hitagildi efnis er sú hámarksorka sem fæst við fullkominn bruna efnisins þar sem sú orka sem fer í að hita upp rakan og breyta í gufu er endurheimt með því að láta gufuna þéttast aftur í vatn. Hærra hitagildi sýnir fræðilega hámarksorku sem hægt er að fá við að brenna efnið en lægra hitagildi gerir betur grein fyrir þeirri nýtanlegu orku sem fæst við bruna á úrgangi.

Til þess að hægt sé að brenna úrganginn þarf hann að uppfylla ákveðnar kröfur um lágmark lægra hitagildis. Þetta lágmark er mismunandi eftir því hvernig brennsluofn er byggður en almennt er miðað við að það sé á bilinu 10 - 12 MJ/kg (Christensen, 2011). Þetta skiptir máli þegar skoðuð er heildarsamsetning úrgangsins sem áætlað er að verði brenndur og er aftur fjallað um í kafla 7.5. Lægra hitagildi brennanlegu úrgangsflokkanna, sem ákvarðaðir voru í kafla 4.2, var fundið með því að nota gögn úr EASETECH gagnagrunninum varðandi hitagildi úrgangs. Gildið fyrir hvern EWC-stat flokk fyrir sig má sjá í viðauka nr.15.


Ákveðnir flokkar úrgangs er ekki æskilegt að brenna sökum slæmra áhrifa á brennsluofna, á umhverfið eða vegna annara eiginleika. Tafla 3 gefur yfirlit yfir þá úrgangsflokkar sem ekki eru brenndir og ástæðuna fyrir því. Þessir flokkar eru ekki teknir með í útreikningum orkuinnihald brennanlegs úrgangs.

Tafla 3: EWC úrgangsflokkar sem eru ekki teknir með í útreikningum orkuinnihald brennanlegs úrgangs

EWC flokkur	Lýsing	Ástæður fyrir að brenna ekki
01.0	Notaðir leysar	- Geta verið skaðlegir fyrir vélbúnað ef þeir innihalda halógena. Þörf á nánari flokkun og greiningu á innihaldi flokks.
03.3	Eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun úrgangs	- Of hátt rakainnihald, þarf að þurrka áður en hægt er að brenna.
11.4	Ristarúrgangur og seyra	- Of hátt rakainnihald, þarf að þurrka áður en hægt er að brenna.

5 Úrgangur á Íslandi og gæði gagna, árin 2000 til 2018

Árið 2018 var 1,26 milljón tonn af úrgangi skráð á skráningarvef Umhverfisstofnunar. Þann 1. janúar 2019 var mannfjöldi á Íslandi 360.562 sem gerir 3,5 tonn af úrgangi á íbúa árið 2018. Árið 2017 var heldur meiri úrgangur en árið 2018. Árið 2017 er áberandi hvað varðar óvirkan framkvæmdaúrgang (um 62% af heildarmagni úrgangs það ár). Skýring þess liggur meðal annars í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu, t.d. nýr Landspítali, Hafnartorg, byggingasvæðið við Hörpu, bygging íbúðarhúsnæðis, samtals rúmlega 465 þúsund tonn af jarðvegi.



Mynd 2. Magn úrgangs í tonnum sem fíll til á Íslandi á árunum 2000 til 2018 (óvirkur framkvæmdarúrgangur bakreiknaður fyrir árin 2000 til 2013).


Árið 2014 var EWC-stat flokkunarkerfið tekið upp á Íslandi og átak gert í að ná til allra þeirra rekstraraðila sem meðhöndla úrgang. Þannig varð aukning í skráningu á óvirkum framkvæmdaúrgangi á milli áranna 2013 og 2014. Auk þess féllu aukaafurðir úr dýrum að hluta til utan úrgangsskilgreiningar árið 2014. Vegna þessara breytinga í gagnasöfnun var nauðsynlegt að áætla fyrir árið 2014 þann hluta úrgangssins sem ekki var skráður á því ári. Það var gert með því að nota hlutfall þeirrar tegundar úrgangs á árunum 2015 til 2018 og bakreikna það fyrir árin 2000 til 2014. Grafið er þannig samsett út frá gagnasafni Umhverfisstofnunar um úrgang 2015 til 2018 og gögnum um úrgang 2000 til 2014, þar sem óvirkur framkvæmdarúrgangur hefur verið bakreiknaður. Þetta var gert til þess að rétta úr innbyggðri skekkju í gagnasöfnuninni og gefa áreiðanlegra spálíkan (kafli 6.1).

5.1 Gæði og samræmi gagna


Myndir 5-8 gera grein fyrir úrgangsmyndun á Íslandi árið 2018. Þær sýna nákvæmni gagnanna og vankanta þeirra. Á mynd 3 má sjá samsetningu heildarúrgangs á landinu öllu árið 2018. Jarðefni (t.d. steinar, möl og sandur) (EWC-stat flokkur 12.3) voru 42,2%, 11,6% var blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11), 9,6% efnaúrgangur (EWC-stat flokkur 01.4, 02, 03.1) og 9,5% jarðvegur (hreinn eða mengaður) (EWC-stat flokkur 12.6).

Landupplýsingaforrit (Q-Gis) er notað til að tengja saman töluleg gögn um úrgang frá skráningarvef Umhverfisstofnunar, Hagstofunni og landfræðileg gögn frá Landmælingum Íslands (Landmælingar Íslands, 2020; Hagstofa Íslands, 2019). Með því má draga upp ýmsar myndir af dreifingu, magni og samsetningu úrgangs á landinu.


Á Mynd 4. má sjá heildarmagn úrgangs árið 2018 í tonnum eftir landshlutum. Fyrir hvern landshluta má að auki sjá skífurit sem sýnir skiptingu á milli endurnýtingar, endurvinnslu og förgunar. Af Mynd 4. má greina að mestur úrgangur fellur til á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum og að mesta endurvinnslan fer fram á Austurlandi. Mesta förgunin á sér stað á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og mesta endurnýtingin á Suðurnesjum og Suðurlandi. Þó breytist magn og flokkunarhlutfall hvers landshluta þegar jarðvegur og jarðefni eru fjarlægð frá heildarmagni úrgangs (sjá Mynd 21 í viðauka 14).




Mynd 3. Samsetning alls úrgangs á Íslandi árið 2018 flokkað eftir EWC-stat flokkum



Mynd 4. Heildarmagn úrgangs 2018 í tonnum eftir landshlutum ásamt skifuritum fyrir hvern landshluta sem sýna hlutföll flokkunarleiða, þ.e. hvernig skiptingin er í landshlutanum fyrir endurnýtingu, endurvinnslu og förgun.



Mynd 5. Heildarmagn úrgangs 2018 í tonnum eftir sveitarfélögum. Rauði liturinn gefur til kynna mesta úrgangs magnið



Mynd 6. Heildarmagn blandaðs heimilisúrgangs og blandaðs óskilgreind úrgangs árið 2018 í tonnum per íbúa eftir sveitarfélögum. Gögn um íbúafjölda fengin frá Hagstofu Íslands.

Á Mynd 5. er skipting á úrgangi skoðuð á milli sveitarfélaga. Það er greinilegt að sveitarfélög sem hýsa stóriðju losa mun meiri úrgang en önnur sveitarfélög, t.d. Fjarðabyggð og Hvalfjarðarsveit. Þau sveitarfélög sem eru fámann losa minni úrgang en þau sem eru fjölmenn, til að mynda Kaldraneshreppur (109 íbúar 01.01.2020) og Dalabyggð (639 íbúar 01.01.2020). Þau sveitarfélög sem eru nálægt stærri bæjum losa minni úrgang, t.d. Súðavíkurhreppur og Ísafjarðarbær.


Á Error! Reference source not found. sést að skráning sveitarfélaga á blönduðum heimilisúrgangi er ekki nákvæm. Einnig eru Mýrdalshreppur og Hvalfjarðarsveit með óvenjulega hátt hlutfall af blönduðum heimilisúrgangi, sem gefur til kynna að magnið gæti verið heildarmagn nokkurra nærliggjandi sveitafélaga, úrgangur frá ferðabjónustu eða magn áætlað (en ekki mælt).

Á milli mynda 7 og 8 sjást áhrif stóriðju á úrgang í sveitarfélögum enn betur. Til að mynda er sveitarfélagið Fjarðarbyggð í flokki sveitarfélaga með hæsta heildarmagn úrgangs á sveitarfélag en í flokki sveitarfélaga með lægsta magn blandaðs heimilisúrgangs per íbúa. Af heildarmagni úrgangs á Austurlandi árið 2018 var 73% úrgangs efnaúrgangur og hann allur endurunninn, sem aftur útskýrir hátt hlutfall endurvinnslu á Austurlandi.


Umhverfisstofnun safnar gögnum frá rekstaraðilum og úrgangsmóttökustöðum sem er skylt að skila upprunamerktum gögnum (þ.e.a.s. með heiti sveitarfélags). Í mörgum tilfellum er úrgangur skráður á nærliggjandi sveitarfög og þá sérstaklega í þeim tilvikum sem sorphirða á sér stað í tveimur sveitarfélögum samtímis eða ef um er að ræða fámenn sveitarfög í návígí við stærri þéttbýli.

Á Mynd 7 má sjá kort sem sýnir heildarmagn brennanlegs úrgangs eftir landshlutum fyrir árið 2018. Brennanlegur úrgangur er sá úrgangur sem þykir hæfa til brennslu samkvæmt Tafla 2. Eins og sjá má þá fellur árið 2018 til mest magn brennanlegs úrgangs á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi Eystra.

Með því að skoða samsetningu úrgangs með þessum hætti á milli landshluta má greina hvað stóriðja og önnur stórfyrirtæki skila miklu til úrgangsmýndunar í hverjum landshluta. Þegar litið er á brennanlegt magn má gera ráð fyrir að skráning á blönduðum heimilisúrgangi og blönduðum óskilgreindum úrgangi skarist. Nánari úttekt á samsetningu úrgangs eftir landshlutum má sjá í viðauka 14. Á Mynd 8 má sjá Sankey-línurit fyrir úrgangsstrauma brennanlegs úrgangs árið 2018, þar sem breidd strauma táknar magn úrgangs, og gildi standa fyrir magn úrgangs í tonnum.



Mynd 7: Kort sem sýnir heildarmagn brennanlegs úrgangs eftir landshlutum fyrir árið 2018.



Mynd 8. Sankey línurit um farveg brennanlegs úrgangs á Íslandi árið 2018. Magn í tonnum.


6 Úrgangsmyndun á Íslandi 2020 til 2045

Spálíkön um úrgang eru ýmist tengd við gögn um neyslu, úrgangsforvarnir, framleiðslu og/eða viðskipti. Líkönin eru ýmist byggð á samanburðargreiningu, fylgigreiningu, margbreytuaðhvarfslíkingu, aðfanga- og afurðagreiningu, tímaraðagreiningu eða kerfisvirknisgreiningu (e.g. Group Comparison, Correlation analysis, Multiple regression analysis, Input-output analysis, Time-series analysis or System dynamics).

Þær breytur sem hafa mest áhrif á úrgang eru neyslumynstur, félags- og efnahagslegar breytingar, lýðfræðilegar breytingar og forvarnir gegn úrgangi (Beigl, Wasserman, Schneider, & Salhofer, 2004).

Algengustu félags- og efnahagslegu vísbendingar sem er horft til eru m.a. íbúafjöldi, aldursdreifing íbúa, íbúaþéttleiki, atvinnuleysi, einkaneysla, hlutfall atvinnu eftir atvinnugreinum, gistenætur, verg landsframleiðsla, verð nýframleiddra efna og orku og meðalstærð heimila (Beigl, Wasserman, Schneider, & Salhofer, 2004).

Spálíkan fyrir Ísland um úrgangsmyndun til ársins 2045 var tengt við gögn um magn úrgangs frá Umhverfisstofnun sem kynnt voru hér fyrr í þessari skýrslu. Kosið var að beina athyglinni að fylgni vergrar landsframleiðslu og íbúafjölda við úrgangsmyndun með margbreytuaðhvarfslíkingu (MRA). Gögn um framangreindar breytur fengust frá Hagstofu Íslands.



Mynd 9. Breyting á úrgangs magni, vergrar landframleiðslu (VL), einkaneyslu og íbúafjölda milli ára, frá árinu 2001 til 2013. Gögn fengin af vefsíðu Hagstofu Íslands.

Á Mynd 9 sést ársbreyting á úrgangsmagni, ársbreyting vergrar landframleiðslu (VL), ársbreyting einkaneyslu og ársbreyting íbúafjölda. Á myndinni sést að úrgangsmagn jókst árið 2008 um tæp 25% frá því árinu áður og vegna efnahagshrunsins dróst það aftur saman um tæp 18% árið eftir. Árið 2014 var ársbreyting úrgangs ekki marktæk vegna breytingar í gagnaöflun og því er brot í grafinu.

6.1 Spálíkan fyrir úrgangsmagn

Spálíkaninu er skipt í tvö tímabil, skammtímaspá og langtímaspá. Fyrra tímabilið er spá fyrir úrgangsmyndun árin 2019 til 2023 og seinna frá 2024 til 2045. Skammtímaspán byggir á breytum um verga landsframleiðslu og íbúafjölda fyrir árin 2000 til 2018, sem fengust frá Hagstofu Íslands. Spálíkanið er gert með margbreytuaðhvarfslíkingu (e. Multiple regression analysis, MRA) þar sem jafnan er:

$$y = b_0 + b_1 * x_1 + b_2 * x_2$$

$y = magn\;úrgangs$

$b_0, b_1, b_2 = fasti \neq 0$

$x_1, x_2 = breyta$

Langtímaspán er gerð með línulegri aðhvarfsgreiningu (e. Linear regression analysis, LRA), þar sem jafnan er með svipuðu sniði:

$$y = b_0 + b_1 * x_1$$

Eina breytan, sem tekið er tillit til, er íbúafjöldi.

Skammtímaspá (2019 til 2023), fylgir jöfnunni:

$$y = 2010245 + 48,41 * x_1 - 10,35 * x_2$$

$x_1 = Verg\;landframleiðsla$

$x_2 = Mannfjöldi$

Reiknast með R = 0,845357 sem segir að rúmlega 84% af breytingum í úrgangsmagni má útskýra með breytunum sem notaðar eru fyrir líkanið. Þ gildi líkansins er $3,3 * 10^{-7}$ þannig að hægt er að hafna því að sambandið milli breytna og magn úrgangs sé tilviljun.


Langtímaspá (2022 til 2045), fylgir jöfnunni:

$$y = -967368 + 5,66 * x_2$$

$x_2 = Mannfjöldi$

Reiknast með R = 0,611608 sem segir að ekki nema 61% af breytingum í úrgangsmagni má útskýra með breytunum sem notaðar eru fyrir líkanið. Þ gildi líkansins er $6,36 * 10^{-6}$ þannig að hægt er að hafna því að sambandið milli breytanna og magn úrgangs sé tilviljun.

Langtímaspán er byggð á spá Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, 2019) um íbúafjölda sem gefur ákveðna óvissu sem gert er grein fyrir á Mynd 10. Þar að auki, spáir langtímaspán ekki fyrir sveiflum í efnahagslífinu, heldur gefur ákveðið meðaltal úrgangsmyndunar.



Mynd 10. Spá um úrgang á Íslandi. Úrgangur (2020-2018), skammtímaspá (2019-2023) og langtímaspá (2024-2045). Öryggisbil langtímaspárinna er óvissa vegna ibúafjölda byggt á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2019). Áætlað magn brennanlegs úrgangs af spáðu úrgangsmagni í gráu.

Á Mynd 10 er að sjá líkan þar sem byggingar- og niðurrifsúrgangur og jarðvegur hefur verið bakreiknaður miðað við meðalhlutfall byggingarúrgangs seinni ára. En eins og áður hefur verið nefnt var þetta gert til þess að rétta úr innbyggðri skekkju í gagnasöfnuninni og gefa áreiðanlegra spálíkan.

Líkanið spáir fyrir aukningu í úrgangi vegna þess að á meðan ekki er dregið úr einkaneyslu eða komið á skilvirkari notkun efna í landinu mun úrgangsmundun aukast með sístækkandi mannfjölda. Spálíkanið tekur ekki mið af úrgangsforvörnum. Ástæða þess er að einkaneysla þótti ekki áreiðanleg breyta í margbreytuaðhvarfslíkingu fyrir spá um magn úrgangs, og þó svo aðgerðir stjórvalda verða áhrifamikil var talið ómarktækt að meta áhrif þeirra án tölulegra markmiða.

Í útreikningum um magn brennanlegs úrgangs er gert ráð fyrir að hlutfallaskipting efna haldist óbreytt frá árinu 2018 til ársins 2045 (þ.e. ekki verður hlutfallsleg breyting á einhverjum einum flokki t.d. dýrahrað) (sjá hlutfallslega skiptingu úrgangsflokka í viðauka 16). En einnig að hlutfall byggingar- og niðurrifsúrgangs og jarðvegs á móti öðrum úrgangi haldist óbreytt eða um 45% (viðmiðunarár 2014-2015).

Endurvinna og endurnýta má megnið af þeim brennanlegum úrgangi sem myndast og hefur Ísland skuldbundið sig til þess að ná ákveðnum markmiðum um endurvinnslu og endurnýtingu ákveðinna efna. Í þeim tilgangi að greina þörf sorpbrennslu á Íslandi verður þannig að áætla magn farganlegs brennanlegs úrgangs sem fellur til á næstu árum og sett er fram í þremur sviðsmyndum í næsta kafla.

7 Sviðsmyndir og forsendur

Til þess að áætla þörf á sorpbrennslu á Íslandi eru settar fram þrjár sviðsmyndir:

Sviðsmynd 1: Óbreytt ástand- Ísland bætir ekki hlutfall endurvinnslu eða endurnýtingu í samanburði við árið 2018.

Sviðsmynd 2: Markmiðum ESB um meðhöndlun úrgangs náð - Ísland eykur hlutfall endurvinnslu og endurnýtingu í ákveðnum úrgangsflokkum í samræmi við markmiðum ESB

Sviðsmynd 3: Besta útkoma samkvæmt sérfræðingum ReSource International ehf. - Ísland nær hámarks hlutfalli endurvinnslu í þremur stærstu úrgangsflokkunum; plast, pappír, matarleifar og hámarks hlutfalli endurnýtingu í öllum úrgangsflokkum.


Grunnforsenda sviðsmyndanna er að hlutfall brennanlegs og óbrennanlegs úrgangs haldist óbreytt út spátímabilið og í því felst að magn byggingar- og niðurrifsúrgangs og jarðvegs er hlutfallslega svipað og árin 2014 og 2015 í samanburði við annan úrgang. Einnig er gert ráð fyrir að samsetning blandaðs heimilsúrgangs og blandaðs óskilgreinds úrgangs sé eins á öllu landinu og miðað er við samsetningu blandaðs heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu (ReSource, 2019). Þar að auki er gert ráð fyrir sömu íbúadreifingu um landið líkt og var árið 2018 (en það hefur ekki áhrif á niðurstöður greiningarinnar nema hvað varðar Mynd 21 í kafla 10.3).

Í sviðsmyndunum verður árið 2030 notað sem samanburðarár vegna þess að í sviðsmynd 2 er gert er ráð fyrir að þróun eigi sér stað í samræmi við markmiðum ESB í söfnun úrgangs á árabilinu 2019 til 2030 (sjá viðauka 17). Þannig verður samsetning áætlað fargaðs úrgangs breytileg til ársins 2030 fyrir sviðsmynd 2 og erfiðara að bera saman sviðsmyndir fyrir það ár.


7.1 Sviðsmynd 1: Óbreytt ástand

Í sviðsmynd 1 er markmiðið að sýna magn og samsetningu brennanlegs úrgangs sem mun falla til til ársins 2045. Sýndur er farvegurinn sem hann tekur miðað við núverandi flæði úrgangs og sýnt magn og samsetningu úrgangssins sem áætlað er að þyrfti að farga á þessum tíma miðað við að engum framförum verði náð í úrgangsmálum á tímabilinu. Mikilvægustu forsendur þessarar sviðsmyndar eru annars vega að sama hlutfall úrgangs og fellur til samanburðarárin 2017 og 2018, heldur sér út spátímabilið) og hins vegarað söfnun úrgangs sé með sama hætti og árin 2017 og 2018, einkum söfnun blandaðs úrgangs. Einnig er gert ráð fyrir að endurvinnslu-, endurnýtingar- og förgunarhlutfall úrgangs sé með sama hætti og var að meðaltali áranna 2017 og 2018. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að 48,3% af brennanlegum úrgangi verði blandaður heimilisúrgangur og 99,5% af honum þurfi að farga (sjá nánar hlutföll og farvegi úrgangsflokkka í viðauka 16). Á Mynd 11 sést meðaltals samsetning brennanlegs úrgangs á tímabilinu 2018 – 2045.

SM1: Samsetning brennanlegs úrgangs 2018-2045



Mynd 11. Samsetning brennanlegs úrgangs á Íslandi á tímabilinu 2018-2045, flokkað eftir EWC-stat flokkunarkerfinu (viðmiðunarár 2018).




Mynd 12. Magn, samsetning og flæði brennanlegs úrgangs 2018-2045 skv. sviðsmynd 1, flokkað eftir EWC-stat flokkunarkerfinu. Gildi tákna magn í tonnum sem áætlað er fyrir árið 2030.

Á Mynd 12 má sjá Sankey línrut fyrir magn, samsetningu og flæði brennanlegs úrgangs á árunum 2018 - 2045, fyrir sviðsmyndina, þar sem breidd strauma táknað magn úrgangs. Í þessari sviðmynd er gert ráð fyrir að hlutföll endurvinnslu, endurnýtingu og förgunar haldist óbreytt, þ.e. að af heildarmagni brennanlegs úrgangs sé 10,4% endurnýtt, 23,5% endurunnið og 66,1% fargað (sjá töflu í viðauka 16). Þannig er áætlað að 66,1% af brennanlegum úrgangi yrði fargað árið 2045 ef úrgangsmeðhöndlun væri

með óbreyttu sniði. Mynd 11 og Mynd 12 sýna annars vegar samsetningu og hlutfallslega skiptingu brennanlegs úrgangs og hins vegar magns hans í tonnum. Heildar magnið er 276.610 tonn og skiptist að 65,068 tonn fara í endurvinnslu, 28,648 tonn fara í endurnýtingu og 182,894 fara í förgun

Af þeim brennanlega úrgangi sem áætlað er að þurfi að farga (Mynd 13) er 72,7% blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11); 8,5% dýrahræ, slátur- og fiskúrgangur (EWC-stat flokkur 09.11), 10,4% blandaður, óskilgreindur úrgangur (EWC-stat flokkur 10.22) og 3,3% viðarúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 7.53).




Mynd 13. Samsetning fargaðs brennanlegs úrgangs á Íslandi 2018 til 2045 m.v. Sviðsmynd 1: óbreytt ástand

Með óbreyttri úrgangsstjórnun er áætlað að þörf sé á að farga tæpum 183 þúsund tonnum af brennanlegum úrgangi á Íslandi árið 2030. Gert er ráð fyrir að hin nýopnaða Gas- og jarðgerðarstöð (GaJa) á Álfnesi taki við 40 þúsund tonnum af lífrænum úrgangi sem flokkaður er frá blönduðum heimilisúrgangi sem safnast á höfuðborgarsvæðinu. Þegar framlag Gaju er dregið frá blönduðum heimilisúrgangi verður heildarmagn brennanlegs úrgangs sem þyrfti að farga árið 2030, 143 þúsund tonn og þar af 65% blandaður heimilisúrgangur.


7.2 Sviðsmynd 2: Markmiðum náð

Markmið sviðsmyndar 2 er að sýna magn og samsetningu brennanlegs úrgangs miðað við bætta söfnun, sýna farveginn sem hann tekur miðað við að markmiðum ESB verði náð (sjá viðauka 17) og sýna magn og samsetningu úrgangssins sem áætlað er að þyrfti að farga á þessum tíma. Mikilvægustu forsendurnar sem lagt var upp með í sviðsmynd 2 voru að breytingar á söfnun úrgangs eiga sér stað jafnt og þétt til ársins 2030 og að þeim tíma loknum sé búið að lágmarka hlutfall blandaðs úrgangs (m.ö.o. hámarksflokkun) í samræmi við markmið ESB. Þannig er gert ráð fyrir að samsetning brennanlegs úrgangs þróist á árunum 2019 til 2030 (meðan flokkun og söfnun úrgangs eykst) og eftir þann tíma sé samsetningin stöðug.




Mynd 14. Samsetning brennanlegs úrgangs á Íslandi árið 2030 ef flokkun úrgangs nær hámarki (m.v. baggarannsókn 2018, SORPA (ReSource, 2019)).

Á Mynd 14 sést samsetning brennanlegs úrgangs á Íslandi, ef allur blandaður úrgangur (EWC stat flokkar 10.11 og 10.22) væri flokkaður í viðeigandi flokka eftir efnum. Myndin sýnir samsetningu brennanlegs úrgangs fyrir sviðsmynd 2 og 3 þar sem að gert er ráð fyrir að samsetningin sé sú sama í þessum sviðsmyndunum. Þessi niðurstæða er byggð á baggarannsókn Sorpu frá árinu 2018, þar sem samsetning blandaðs urðaðs úrgangs á höfuðborgarsvæðinu var skoðuð (ReSource, 2019). Í söfnunarkerfum má gera ráð fyrir að hluti af pappírs- og pappaumbúðum, plastumbúðum, viðarumbúðum og matarleifum safnist sem blandaður heimilisúrgangur. Þannig ef söfnun flokkunarefna tekst ekki eins vel sem skildi stækkar hlutfall blandaðs heimilisúrgangs og hlutfall pappírs, mataleifa, plasts og viðs minnkar. Í sviðsmynd 2 er ekki gert ráð fyrir aukinni endurvinnslu eða endurnýtingu í þeim flokkum sem ESB hefur ekki sett markmið um og haldast þeir því óbreyttir. Ekki er gert ráð fyrir aukinni endurvinnslu eða endurnotkun í þeim úrgangsflokkum (eins og pappírs- og pappaumbúðum) eftir að markmið hafa verið uppfyllt. Ef engin markmið hafa verið sett er gert ráð fyrir að endurvinnslu- og endurnýtingarhlutföll haldist óbreytt frá árinu 2018 að undanskilinni þeim aðgerðum sem gerðar verða vegna tilkomu GaJu. Í því samhengi er gert ráð fyrir að 75% af matarleifum rati í GaJu og er slátur- og fiskiúrgangur notaður til þess að fylla upp í nýtingargetu stöðvarinnar. Þannig er endurnýtingarhlutfall slátur- og fiskiúrgangs meira en árið 2018, þó svo ESB hafi ekki gefið út markmið varðandi flokkinn. Þá fer förgunarhlutfall dýrahræja, slátur- og fiskiúrgangs frá 83% árið 2018 niður í 52% árið 2045.



Mynd 15. Magn, samsetning og flæði úrgangs á Íslandi árið 2030-2045 skv. sviðsmynd 2, flokkað eftir EWC-stat flokkunarkerfinu. Gildi tákna magn í tonnum sem áætlað er fyrir árið 2030.

Sankey-líkan sviðsmyndar 2 sýnir úrgangsstrauma árið 2030 og breidd strauma táknar magn úrgangs. Fyrir sviðsmynd 2 er gert ráð fyrir að þessum árangri sé náð árið 2030, þ.e. að af heildarmagni brennanlegs úrgangs sé 22,2% endurnýtt, 44,8% endurunnið og 33,0% fargað. Þannig er gert ráð fyrir að 33,0% af brennanlegum úrgangi yrði fargað eftir árið 2030 ef markmiðum ESB yrði náð. Mynd 14 sýnir samsetningu brennanlegs úrgangs og hversu mikið magn er áætlað að fari í endurvinnslu, endurnýtingu og förgun. Áætlað magn í förgun er 93,011 tonn (Mynd 15) og Mynd 16 sýnir hvernig hlutfall flokka innan brennanlegs úrgangs skiptist.




Mynd 16. Samsetning fargaðs brennanlegs úrgangs á Íslandi 2030 til 2045 m.v. Sviðsmynd 2: Markmiðum ESB náð

Af þeim brennanlega úrgangi sem er áætlað að þurfi að farga skv. sviðsmynd 2 (Mynd 16) er 22,5% blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat 10.11), 21,7% plast (EWC-stat 7.41 og 7.42) 17,0% dýrahræ, slátur- og fiskúrgangur (EWC-stat 09.11), 12,1% pappír (EWC-stat 7.21 og 7.23) og 10,0% viðarúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat 07.53). En gera má ráð fyrir að einhver hluti af pappírs- og pappaumbúðum, plastumbúðum, viðarumbúðum og matarleifum safnist sem blandaður heimilisúrgangur. Með þessum árangri væri magn brennanlegs úrgangs sem þyrfti að farga tímabilinu 2030 til 2045 frá 93 og upp í 105 búsunum tonn (sjá Tafla 4).

Samsetning blandaðs heimilisúrgangs er ekki sú sama í sviðsmynd 1 og 2, samanber myndir 14 og Mynd 16. Á mynd 14 er blandaður heimilisúrgangur samsettur flokkur sem inniheldur lífrænan úrgang, pappírs- og pappaúrgang og plastúrgangs, en þessir flokkar eru aftur á móti sýndir sér á Mynd 16. Þessi munur er tilkomin vegna þess að gert er ráð fyrir aukinni flokkun á blönduðum heimilisúrgangi í sviðsmynd tvö sem skilar sér í annarri samsetningu hans. Nauðsynlegt var að gera ráð fyrir aukinni flokkun blandaðs heimilisúrgangs til þess að uppfylla markmið ESB um aukna endurvinnslu og endurnýtingu.

7.3 Sviðsmynd 3: Besta útkoma


Í sviðsmynd þrjú er markmiðið að sýna farveginn sem brennanlegur úrgangur tekur miðað við að bestu mögulegu útkomu sé náð og að sýna magn og samsetningu úrgangsins sem áætlað er að þyrfti að farga. Besta mögulega útkoma er þannig að öllum endurvinnanlegum eftum er komið í endurvinnslu, endurnýtanlegum eftum í endurnýtingu og þeim úrgangi sem er hvorugt sé fargað. Flokkar voru þannig metnir af sérfræðingum ReSource International ehf. Mikilvægustu forsendurnar sem lagt var upp með í sviðsmynd þrjú voru að breytingar á söfnun eiga sér stað jafnt og þétt til ársins 2025 og að þeim tíma loknum er búið að lágmarka hlutfall blandaðs úrgangs (m.ö.o. hámarks flokkun). Samsetning brennanlegs úrgangs verður þannig sú sama og sést á Mynd 14 í sviðsmynd 2 en farvegir úrgangsins breytast. Breyting verður á endurvinnslu-, endurnýtingar- og förgunarhlutföllum allra flokka en ekki einungis þeim sem eru háð markmiðum. Þótt sviðsmynd 3 sé besta mögulega útkoma er ekki gert ráð fyrir að heildarmagn úrgangs drægist saman á tímabilinu.



Mynd 17. Magn, samsetning og flæði úrgangs á Íslandi árið 2030 skv. sviðsmynd 3, flokkað eftir EWC flokkunarkerfinu. Gildi tákna magn í tonnum sem áætlað er fyrir árið 2030.

Sankey-líkan sviðsmyndar 3 stendur fyrir úrgangsstrauma árið 2030 og breidd strauma táknað magn úrgangs og af heildarmagni brennanlegs úrgangs sé 12,4% endurnýtt, 75,5% endurunnið og 12,1% fargað.


Af þeim brennanlega úrgangi sem er áætlað að þurfi að farga í sviðsmynd 3 er 46,1% blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11); 14,6% viðarúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 07.53), 14,9% hjólbarðar og annað gúmmí (EWC-stat flokkur 07.3) 6,6% blandaður óskilgreindur úrgangur (t.d. frá rekstri og veiðarfæri (EWC-stat 10.22) og 6,4% leifar frá meðhöndlun úrgangs (EWC-stat 10.3) (sjá Mynd 18). Með þessum árangri væri magn brennanlegs úrgangs sem þyrfti að farga frá 34 og upp í 38 þúsund tonn á ári á tímabilinu 2025-2045.




Mynd 18. Fagaður brennanlegur úrgangur á Íslandi (bestu útkomu er náð árið 2025).

7.4 Niðurstöður sviðsmynda


Spá um magn brennanlegs úrgangs sem byrfti að farga á árunum 2025 til 2045 má sjá á



Mynd 19. Öryggisbílin eru byggð á óvissu hvað varðar mannfjölda á Íslandi (byggt á mannfjöldaspá (Hagstofa Íslands, 2019)).
Taka skal fram að spáin á




Mynd 19 segir til um meðalmagn úrgangs og tekur ekki tillit til tiltekinna sveifla í efnahagslífini sem gæti haft áhrif á úrgangsmýndun.



Mynd 19 má sjá magn brennanlegs úrgangs (sjá einnig Tafla 4), samkvæmt spálíkani, á árunum 2025 til 2045 (spátölur grafsins má sjá í Tafla 4). SM1 á grafinu gefur til kynna það magn brennanlegs úrgangs sem áætlað er að yrði fargað ef fylgt yrði sviðsmynd 1, sem segir til um þróun miðað við óbreytt ástand (og byggt á spálíkani). SM2 gefur til kynna magn brennanlegs úrgangs sem áætlað er að yrði fargað ef fylgt er sviðsmynd 2, þar sem öllum markmiðum ESB væri náð. SM3 sýnir magn brennanlegs úrgangs, sem yrði fargað, ef bestu útkomu um úrgangsmeðhöndlun, endurvinnslu og endurnýtingu er náð.

Sviðsmyndirnar byggja allar á sama spálíkani um heildarmagn úrgangs og sömu samsetningu úrgangsefna, en flokkun blandaðs heimilisúrgangs er mismunandi eftir sviðsmyndum. Að sama skapi gildir að gert er ráð fyrir að hlutfall brennanlegs úrgangs, af heildarúrgangsmagni, haldist eins og var árið 2018 í öllum þremur sviðsmyndum.



Mynd 19. Spá um þörf fyrir förgun brennanlegs úrgangs á Íslandi árin 2025 til 2045. Öryggisbilið gefur til kynna óvissu byggða á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands.

Tafla 4. Spá um farveg brennanlegs úrgangs á Íslandi, samanburður þriggja sviðsmynda árin 2025 til 2045.

Ár	2025	2030	2035	2040	2045
Heildarmagn úrgangs [t]	1.217.658	1.208.548	1.269.999	1.324.049	1.370.302
Brennanlegt [t]	278.695	276.610	290.674	303.045	313.631
SM1	Endurvinnsla[t]	65.557	65.067	68.375	71.285
	Endurnýting[t]	28.864	28.648	30.105	31.386
	Förgun[t]	184.273	182.895	192.194	200.374
SM2	Endurvinnsla[t]	108.575	124.039	130.346	135.894
	Endurnýting[t]	48.825	61.375	64.496	67.240
	Förgun[t]	121.295	91.195	95.832	99.911
SM3	Endurvinnsla[t]	210.302	208.728	219.342	228.677
	Endurnýting[t]	34.541	34.282	36.026	37.559
	Förgun[t]	33.852	33.599	35.307	36.810

Áætlun um magn fargaðs úrgangs mun breytast um leið og hafist er handa við að brenna úrgang til orkuframleiðslu, því að þá er hinn brenndi úrgangur kominn í flokk endurnýtingar. Hins vegar, ef orka er ekki framleidd í kjölfarið flokkast úrgangsmeðhöndlunin sem förgun.

7.5 Orkuinnihald sviðsmynda

Orkuinnihald brennanlegs úrgangs er reiknað fyrir sviðsmyndir og lægra hitagildi en lægra hitagildi gerir betur grein fyrir þeirri nýtanlegu orku sem fæst við bruna á úrgangi (sjá kafla 4.1). Byggt er á niðurstöðum í kafla 7.1 til 7.4 um magn og samsetningu úrgangs. Ekki er gert ráð fyrir að allur úrgangur sem hægt er að brenna sé brenndur, eins og fjallað var um í kafla 4.2. Þess vegna eru tölur um heildarmagn úrgangs í Tafla 5 örlítið minni en þær tölur sem nefndar eru í Tafla 4.

Tafla 5 sýnir heildarmagn þess úrgangs sem áætlað er að brenna fyrir allar sviðsmyndir. Tafla 6 inniheldur upplýsingar um lægra hitagildi (LHV) fyrir úrgang í öllum sviðsmyndum og Tafla 7 gefur yfirlit yfir þróun heildarorkumagns alls úrgangs.

Tafla 5: Magn úrgangs til brennslu fyrir allar sviðsmyndir frá 2025 til 2045

Magn úrgangs til brennslu [t]	2025	2030	2035	2040	2045
Sviðsmynd 1	181.717	180.358	189.528	197.594	204.497
Sviðsmynd 2	118.739	90.475	95.075	99.121	102.584
Sviðsmynd 3	33.426	33.176	34.863	36.347	37.617

Tafla 6: Lægra hitagildi úrgangs ætlað til brennslu fyrir allar sviðsmyndir á árunum 2025 til 2045

Lægra hitagildi [MJ/kg]	2025	2030	2035	2040	2045
Sviðsmynd 1	18,95	18,95	18,95	18,95	18,95
Sviðsmynd 2	22,60	21,61	21,61	21,61	21,61
Sviðsmynd 3	20,28	20,28	20,28	20,28	20,28

Tafla 7. Heildar orkuinnihald úrgangs til brennslu fyrir allar sviðsmyndir á árunum 2025 til 2045

Orkuinnihald [GJ]	2025	2030	2035	2040	2045
Sviðsmynd 1	3,442,724	3,416,966	3,590,710	3,743,527	3,874,298
Sviðsmynd 2	2,683,078	1,916,099	2,013,527	2,099,221	2,172,553
Sviðsmynd 3	677,967	672,895	707,110	737,204	762,956

Tafla 6 gefur til kynna að lægra hitagildi þess úrgangs sem ætlað er að brenna er í öllum tilvikum hærra en 10 - 12 MJ/kg sem er algengt hitagildi úrgangs sem brennt er í nágrannalöndum okkar eins og Danmörk og Svíþjóð, eins og gert var grein fyrir í kafla 4.3. Mikilvægt er að athuga að eiginleikar úrgangsflokka í alþjóðlegum gagnabönkum eins og EASETECH (t.d. hitagildi, hlutfall ösku, raka og brennanlegra efna) endurspeglar ekki endilega raunverulega eiginleika úrgangs á Íslandi. Því ber að taka tölur um hitagildi íslensks úrgangs hér með ákveðnum fyrirvara þar til nánari rannsóknir hafa verið gerðar á eiginleikum hans. Engu að síður þykja þessar niðurstöður gefa til kynna að hitagildi úrgangssins ætti ekki að vera minni en það sem þekkist í okkar samanburðarlöndum.

Mikilvægt er að athuga í samhengi við orkuinnihald sviðsmynda að hér er um að ræða heildarmagn orku sem er í úrganginum en ekki magn þeirrar orku á formi rafmagns eða hita sem hægt væri að framleiða við brennslu á úrgangi. Orkuver sem brenna úrgang hafa nýtni á bilinu 20-90% eftir gerð orkuvers og hvort framleitt sé rafmagn, hiti eða hvort tveggja (Christensen, 2011).

8 Samantekt á greiningu úrgangsmyndunar

Sviðsmyndirnar þrjár eru byggðar á spálíkani um úrgangsmagn og rannsókn á samsetningu blandaðs heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu árið 2018. Samantekið eru niðurstöður úr sviðsmyndagreiningunni eftirfarandi.

Sviðsmynd 1: Óbreytt ástand segir til um það magn úrgangs sem yrði endurunninn, endurnýtt og fargað miðað við núverandi úrgangssamsetningu, flokkun, söfnun og meðhöndlun. Með óbreyttri úrgangsstjórnun þyrfti að farga 207 þúsund tonnum af brennanlegum úrgangi árið 2045. Lægra hitagildi (LHV) þess úrgangs miðað við áætlaða samsetningu (Mynd 13) er 18,95 MJ/kg. Orkuver á borð við sorpbrennslustöðvar hafa þó nýtni á bilinu 20-90% eftir því hvort framleiðslan er nýtt í rafmagn, hita eða hvort tveggja.

Sviðsmynd 2: Ef markmiðum ESB um meðhöndlun úrgangs er náð verður endurvinnsla og endurnýting meiri í samanburði við óbreytt ástand. Þannig þyrfti einungis að farga um 103 þúsund tonnum af brennanlegum úrgangi árið 2045. Reiknað lægra hitagildi (LHV) þessa úrgangs er 21,61 MJ/kg miðað við áætlaða samsetningu (Mynd 16).

Sviðsmynd 3: Ef bestu mögulegu endurvinnslu og endurnýtingu er náð þyrfti hins vegar einungis að farga 38 þúsund tonnum af brennanlegum úrgangi árið 2045. Reiknað lægra orkuinnihald (LHV) þessa úrgangs er 20,28 MJ/kg miðað við áætlaða samsetningu úrgangsins (Mynd 18).

Myndir 17 og 19 gefa til kynna þá úrgangsflokka sem, öðrum fremur, skapa þörf fyrir sorpbrennslu á næstu 10-25 árum. Þessir úrgangsflokkar eru aðallega blandaður heimilisúrgangur, blandaður óskilgreindur úrgangur, gúmmí, viður (ekki umbúðir) og leifar frá meðhöndlun úrgangs. Þar að auki má nefna úrgang eins og eðju, seyru, dýrahræ, sláturúrgang og fiskúrgang, þegar hann hefur verið formeðhöndlaður og/eða þurrkaður.

Síðari hluti:

Sorprennsla á Íslandi, framtíðarhorfur

Almennt um sorprennslustöðvar	35
Möguleikar sorprennslu til orkunýtingar	37
Forsendur fyrir mat á staðsetningum sorprennslustöðva	37
Ein sorprennslustöð á Íslandi.....	38
Sorprennslusöðvumdreift um landið	39
Sorprennsla á Íslenskum úrgangi erlendis	41
Umræða.....	43

9 Almennt um sorprennslustöðvar

Úrgangur sem fer í sorprennslustöð, þar sem hitinn er notaður til framleiðslu á orku, er skilgreint sem endurnýting, annars er um að ræða förgunar- eða sorpeyðingarstöðvar. Brennslustöðvar framleiða orku annað hvort sem rafmagn eða hita, þ.e. hita vatn inn á hitaveitukerfi, eða hvort tveggja. Fjallað er um sorprennslustöðvar, lofthreinsibúnað fyrir starfsemina og sorprennslu í samanburðarlöndum í viðauka 18.

Með því að brenna úrgang er komið í veg fyrir að hann sé urðaður og orkan sem myndast bætist inn á núverandi orkukerfi landsins. Einnig má líta svo á að orkan sem verður til dregur úr notkun á öðrum óumhverfisvænni orkugjöfum, líkt og kolum eða olíu sem nýtt eru til orkuframleiðslu. Við urðun á úrgangi myndast loftfirrt niðurbrot lífræns úrgangs í jarðvegi sem leiðir svo út í andrúmsloftið og verður að metangasi sem hefur 28 sinnum meiri gróðurhúsaáhrif en koltvísýringur (EPA - United States Environmental Protection Agency, n.d.). Í Tafla 8 er samanburður á losun CO₂ ígilda (EU meðaltöl) frá heimilisúrgangi við urðun og sorprennslu (IEA Bioenergy, 2003). Ljóst er að brennsla hefur rúmlega helmingi minna kolefnisspor en að urða sama úrgangsmagn án þess að tekið sé tillit til kolefnissparnaðar við t.d. orkuframleiðslu. Í viðhengi 19.6 má finna nánari útreikninga fyrir Tafla 8.

Tafla 8: Samantekt yfir kolefnisútreikninga þess að urða úrgang árið 2030 á Íslandi eða brenna úrganginn á Íslandi.

Páttur	Magn per tonn úrgangs (kg CO ₂ ígildi/t)
Heildarlosun frá urðun	1960 ^{1, 2}
Heildarlosun frá brennslu	828

¹ https://www.ieabioenergy.com/wp-content/uploads/2013/10/40_IEAPositionPaperMSW.pdf bls. 4

² [https://www.epa.gov/ghgemissions/understanding-global-warming-potentials#:~:text=The%20Global%20Warming%20Potential%20\(GWP,warming%20impacts%20of%20different%20gases.&text=Methane%20\(CH4\)%20is%20estimated,uses%20a%20different%20value.\)](https://www.epa.gov/ghgemissions/understanding-global-warming-potentials#:~:text=The%20Global%20Warming%20Potential%20(GWP,warming%20impacts%20of%20different%20gases.&text=Methane%20(CH4)%20is%20estimated,uses%20a%20different%20value.))

9.1 Hvað er sorpbrennsla?

Úrgangur brenndur í sorpbrennslustöð til orkuframleiðslu er flokkaður sem endurnýting en ef engin orkuframleiðsla á sér stað er um að ræða förgun úrgangs. Í samanburði við urðun hefur sorpbrennsla ákveðna kosti og galla.

Kostir:

- Rúmmál og þyngd úrgangs dregst saman miðað við upphaflega stærð
- Stærðarminnkun úrgangs tekur skamman tíma og þarf ekki langtíma dvöl á urðunarstað
- Hægt er að stjórna útblæstri á árangursríkan hátt og lágmarka áhrif á andrúmsloftið
- Öskuleifar sorpbrennslu eru yfirleitt dauðhreinsaðar
- Til er tækni til að eyða hættulegustu efnunum á áhrifaríkan hátt
- Sorpbrennsla tekur hlutfallslega lítið landsvæði í samanburði við urðunarstaði
- Með samhliða orkuframleiðslu og -sölu er hægt að draga úr rekstrarkostnaði sorpbrennslu
- Framleiði sorpbrennslan orku er kolefnisspor hennar lægra en urðun úrgangsefna

Gallar:

- Fjármagnskostnaður er hár
- Ekki öll efni henta til brennslu
- Þörf er á viðbótareldsneyti til þess að hefja brennslu og í sumum tilfellum til að viðhalda brennslu

9.2 Val á stærð brennsluofna

Þegar verið er að ákvarða stærð brennsluofns þarf m.a. að huga að heildarmagni þess úrgangs sem á að brenna á ári, orkugildi þess úrgangs og taka þarf til greina þann tíma sem ofninn getur ekki verið í gangi vegna viðhalds. Gangtími stærri brennsluofna miðast oftast við sírka 8000 klst á ári og gera þarf ráð fyrir því að slökkva þarf á ofninum fyrir ýmist viðhald og þrif (Mathews Environmental Solutions, 2020).

Einnig skal hafa í huga þá fylgivilla sem fylgja því ef þörf er ofmetin eða vanmetin. Ef byggður er brennsluofn sem er of stórvældi er hætta á eftirfarandi:

- A) Slökkva þarf á brennsluofni hluta úr ári sem veldur því að orkuöryggi er ekki tryggt og það getur reynst dýrt að kveikja aftur upp í brennsluofninum. Sorpbrennsluofnar eru oftar en ekki kynntir upp með jarðefnaeldsneyti og það að þurfa ítrekað að kveikja upp í þeim vinnur gegn umhverfislegum ávinnungi orkuframleiðslunnar.
- B) Það gæti þurft að brenna endurvinnsluefni til þess að halda ofninum gangandi þegar ekki er nóg framboð af brennanlegum úrgangi, en slíkt vinnur gegn markmiðum ESB um aukna endurvinnslu.
- C) Að flytja þurfi úrgang inn til landsins til að viðhalda brennslu. Stærð ofna hefur verið ofmetin víða í Evrópu og hafa sum lönd gripið til þess ráðs að taka á móti úrgangi erlendis frá.

Ef byggður er of líttill brennsluofn er hætta á eftirfarandi:

- A) Auka þarf forvinnslu efna, mylja efni niður í smærri einingar. Þessu fylgir aukinn kostnaður og aukin landnotkun.
- B) Hætta á áframhaldandi urðun óæskilegra úrgangsflokka.

10 Möguleikar sorpbrennslu til orkunýtingar á Íslandi

Í þessum kafla eru teknar saman sviðsmyndir um brennslu úrgangs á Íslandi ásamt brennslu á íslenskum úrgangi erlendis, lagt er áherlsu á niðurstöðum frá sviðsmynd 2 úr kafla 7.2. Ástæðan fyrir því að lagt er áhersla á sviðsmynd 2 er sú að gert er ráð fyrir því að Ísland mun uppfylla markmiðum ESB. Rýnt er í orkuinnihald og spurt hvort vænlegt eða mögulegt sé að nýta þetta efni til orkunýtingar með sorpbrennslu, sem flokkast þar með sem endurnýting. Þrjár meginþiðsmyndir eru settar fram um sorpbrennslu til orkunýtingar á Íslandi í framtíðinni. Þær eru:

- Ein sorpbrennslustöð á Íslandi
- Sorpbrennslustöðvar dreift um landið
- Sorpbrennsla á íslenskum úrgangi erlendis

Mat verður lagt á hugsanlegar staðsetningar þessara sorpbrennslustöðva þar sem rýnt er í magn úrgangs eftir svæðum, innviði og aðgengi, nýtingu orkunnar og nýtingu aukaafurða frá sorpbrennslu. Taka skal fram að mat á völdum staðsetningarkostum fyrir sorpbrennslustöðvar er ekki tæmandi, heldur er þetta einungis haft til viðmiðunar um mögulegar staðsetningar.

10.1 Forsendur fyrir mat á staðsetningu sorpbrennslustöðva

Við mat á staðsetningu sorpbrennslustöðva hefur verið sett saman listi (Tafla 9) yfir þær megin forsendur sem lagt er til grundvallar við staðarval. Forsendur eru settar upp í þeirri röð sem vægi þykir skipta mestu málí að mati höfunda þessara skýrslu.

Tafla 9. Forsendur fyrir mat á staðsetningu sorpbrennslustöðva.

Nr.	Forsendur skoðaðar við val á staðsetningu	Athugasemdir varðandi forsendur
1	Sorpbrennslustöð er staðsett innan við 60 km frá 65% af heildarmagni efna til sorpbrennslu á því svæði	Megin áherslan er að koma í veg fyrir mikla flutninga á úrgangi frá upprunastað og draga þar með úr umhverfisáhrifum og álagi á vegakerfi. Forsendunni er gefið mesta vægi af þeim forsendum sem settar eru fram.
2	Höfn í nálægð við sorpbrennslustöð sem getur tekið við skipum til gómaflutninga.	Hægt sé að flytja aukaafurðir sem koma frá sorpbrennslustöðvum, eins og t.d. málma, botn- og flugósku á viðeigandi markað eða endastöð. Einnig er þá hægt að taka við úrgangi sjóleiðis til sorpbrennslu, ef þörf krefur.
3	Bestun á orkunýtingu frá stöðvum	Hér er verið að horfa sérstaklega til kaldra svæða þar sem raforka er nýtt til húshitunar. Einnig er horft til aukins raforkuöryggis á svæðum þar sem raforkunet liggja yfir heiðar o.s.frv.
4	Nýting aukaafurða	Hægt er að nýta t.d. botnósku og CO ₂ -losun frá sorpbrennslu, botnaska er t.d. notuð í vegagerð og CO ₂ er notuð sem dæmi til að auka framleiðslu í gróðurhúsum (nánar um aukaafurðir í viðauka 19.4).
5	Innviðir, þekking og reynsla við sorpbrennslu og aðra meðhöndlun úrgangs	Megin áhersla er á að þekking, reynsla og viðeigandi innviðir til úrgangsmeðhöndlunar séu á þeim stöðum sem koma til greina.
6	Landsvæði skilgreint sem iðnaðarsvæði eða annað sambærilegt samkvæmt skipulagi	Þetta einfaldar ferlið við uppbyggingu sorpbrennslustöðva.

10.2 Ein sorpbrennslustöð á Íslandi

Ef tekið er tillit til forsenda sem settar eru fram í Tafla 9, þá er augljóst að langmesta efnið sem þyrfti að fara í sorpbrennslu fellur til á suðvesturhorni landsins eða um 84% (sjá Mynd 20 um landsvæðaskiptingu). Þar af er höfuðborgarsvæðið með um 73% af heildarúrgang til brennslu á landsvísu og 88% af brennanlegum úrgangi er frá suðvesturhorninu. Ef farið yrði í uppbyggingu á einni sorpbrennslustöð á Íslandi þá ætti hún þar af leiðandi að vera staðsett eins nálægt höfuðborgarsvæðinu og unnt er.

Áætlað úrgangsmagn sem einn brennsluofn á Íslandi þyrfti að taka við, miðað við það magn sem áætlað er samkvæmt sviðsmynd 2 í kafla 7, árið 2030 er á bilinu 89.300 tonn og 96.700 tonn ári þegar tekið er mið af öryggisbili um mannafjöldaspá og er orkugildi þess 21,6 MJ/kg líkt og nefnt var í kafla 7.5. Minna skal á fyrirvarann um orkugildi spálíkansins.

Ef miðað er við að gangtími brennsluofnsins sé 8.000 klst á ári þá þarf ofninn að geta tekið við magni frá 11,16 tonn/klst til 12,09 tonn/klst.

Áætlað heildarmagn úrgangs til brennslu árið 2045 er 105.461 tonn (tafla 4, kafli 7.4). Ef miðað er við að gangtími brennsluofnsins sé 8.000 klst á ári þá þarf ofninn að geta tekið við 13,18 tonn/klst

Sorpbrennslustöðin KALKA hefur starfsleyfi til að brenna 1,7 tonn tonn/klst (Umhverfisstofnun, 2016). Ef nýta á Sorbrennslustöðina KALKA áfram samhliða nýjum ofni, sem mælt er með til að tryggja lágmarks brennslu ef nýi ofninn bilar yfir óákveðin tíma, þá þarf að taka það magn sem KALKA getur tekið við með í útreikningum á stærð nýrrar sorpbrennslustöðvar.

10.2.1 Nánari athugun á staðsetningu sorpbrennsluofns

Þeir staðir sem koma helst til greina ef horft er til þeirra forsenda sem nefndar eru í Tafla 9 eru: Álfssnes, Helguvík, Straumsvík, Þorlákshöfn, Grundartangi. Uppröðun á staðavalí segir ekki til um forgang staðsetningar. Farið er yfir kosti og galla þess að vera með sorpbrennslustöðvar á þessum völdu stöðum í Tafla 10.


Tafla 10. Athugun á staðsetningu sorpbrennsluofns á Íslandi. Kostir og gallar skoðaðir með tilliti til forsenda í töfli 8.

	Kostir	Gallar
Reykjavík, Álfnes Iðnaðarsvæði	<ul style="list-style-type: none"> Nálægt aðaluppsprettu brennanlegs úrgangs <20 km. Svæðið hefur verið nýtt við meðhöndlun úrgangs, mikil þekking og búnaður til staðar <ul style="list-style-type: none"> Byggst hefur upp reynsla erlendis á að þyrpa saman innviðum tengdum úrgangsmeðhöndlun Hægt er að nýta metan frá GaJa til að viðhalda hita í brennsluofni Hægt að taka efni út úr gömlum urðunarreinum og brenna. Land í eigu Reykjavíkurborgar 	<ul style="list-style-type: none"> Næsta höfn er í sirka 20 km fjarlægð og er inni í byggð (Sundahöfn)
Reykjanesbær, Helguvík Iðnaðarsvæði	<ul style="list-style-type: none"> Nálægt aðaluppsprettu brennanlegs úrgangs <60km Mikil þekking á meðhöndlun úrgangs og áratuga reynsla á sorpbrennslu Höfn er til staðar Búið að samþykkja uppbyggingu stóriðju á svæðinu og því möguleikar á nýtingu efnis og orku sem koma frá brennslustöð Skilgreint sem iðnaðar og hafnarsvæði í deiliskipulagi 	<ul style="list-style-type: none"> Í töluverðri fjarlægðir frá suður- og vesturlandi
Hafnarfjörður, Straumsvík Iðnaðarsvæði	<ul style="list-style-type: none"> Nálægt aðaluppsprettu brennanlegs úrgangs <20km Höfn er til staðar Búið að samþykkja uppbyggingu stóriðju á svæðinu og því möguleikar á nýtingu efnis og orku sem koma frá brennslustöð 	<ul style="list-style-type: none"> Þekking á meðhöndlun úrgangs og sorpbrennslu lítil
Ölfus, Þorlákshöfn Iðnaðarsvæði vestan við Þorlákshöfn	<ul style="list-style-type: none"> Nálægt aðaluppsprettu brennanlegs úrgangs <60km Höfn er til staðar Land í eigu Ölfuss 	<ul style="list-style-type: none"> Þekking á meðhöndlun úrgangs og sorpbrennslu lítil Fjarlægðir frá Vesturland meiri hér Höfn staðsett í þéttbýli
Grundatangi, Hvalfjörður Iðnaðarsvæði	<ul style="list-style-type: none"> Nálægt aðaluppsprettu brennanlegs úrgangs <60km Höfn er til staðar Samþykkt stóriðja er á svæðinu nýtingar möguleikar á efnis og orku sem koma frá brennslustöð eru því mögulega til staðar. 	<ul style="list-style-type: none"> Fjarlægðir fyrir Suðurland meiri hér. Þekking á meðhöndlun úrgangs og sorpbrennslu er lítil.

10.3 Sorpbrennslustöðvum dreift um landið

Ýmsir kostir fylgja því að dreifa sorpbrennslustöðvum um landið. Til dæmis þá styttast vegalengdir sem flytja þarf úrganginn og dregur þar með um losun koltvísýrings. Það getur aukið orkuöryggi á sumum svæðum og nýst við upphitun húsa á köldum svæðum þar sem jarðvarmi er ekki til staðar.

Í þessari sviðsmynd er lögð meiri áhersla á sjálfbærni landshluta og það að lágmarka flutning og kostnað sveitarfélaga við úrgangsmeðhöndlun. Ákveðið var að leggja til staðsetningu á fimm smærri ofnum um landið nálægt uppsprettum brennanlegs úrgangs en ekki endilega eftir skilgreindum landshlutum.



Mynd 20: Spá um magn úrgangs árið 2030. Á kortinu er búið að skipta landinu upp í fimm mismunandi svæði sem táknuð eru með litum. Sveitarfélagsskipting innan hvers svæðis sést með gráum línum. Innan hvers svæðis má sjá heildarmagn brennanlegs úrgangs í tonnum, ásamt punktum fyrir þéttbýlisstaði sem eru næst þeim svæðum þar sem mesta úrgangsmundun verður.

Á Mynd 20 sést kort yfir Ísland sem sýnir spá um magn brennanlegs úrgangs árið 2030 samkvæmt sviðsmynd 2. Landinu hefur verið skipt upp í fimm svæði sem aðgreind eru með litum og innan hvers svæðis má sjá sveitarfélagsskiptingu táknaða með gráum línum. Heildarmagn brennanlegs úrgangs má sjá fyrir hvert svæði ásamt því sveitarfélagi sem mesta magn úrgangs er að koma frá innan þess sveitarfélags. Innan þessara landsvæða er lagt upp með að brennsluofnar séu staðsettir nálægt mesta magni úrgangs til brennslu og eru það eftirfarandi byggðakjarnar:

- Höfn í Hornafirði
- Reyðarfjörður
- Akureyri
- Ísafjörður
- Höfuðborgarsvæðið, með því staðarvali sem farið var yfir í kaflanum hér á undan.

Þessar staðsetningar uppfylla þær forsendur að mestu sem nefndar eru í Tafla 9, góðir möguleikar eru á að nýta orkuna við húshitun á Höfn, Reyðarfirði og Ísafirði.

Suðurlandi er skipt í tvennt við Mýrdalshrepp, þar er áætlað að úrgangur frá hreppnum fari á Höfn í Hornafirði og úrgangur vestan við hreppinn fari á höfuðborgarsvæðið. Djúpivogur og svæðið sunnan þess fer einnig á Höfn. Langmesti úrgangurinn á Suðurlandi fellur til í sveitarfélagini Árborg og nærliggjandi sveitarfélögum og er því álið hagkvæmast að flytja þann úrgang í brennslu á höfuðborgarsvæðið. Ef horft er til Vesturlands þá er mesta magn úrgangs að koma frá Borgarbyggð og því álið hagkvæmast að flytja úrgang frá Vesturlandi einnig á höfuðborgarsvæðið til brennslu vegna nálægðar.

Sorpbrennslutækni hefur tekið miklum framförum undanfarin áratug og verið er að framleiða minni sorpbrennslustöðvar fyrir t.d. lítil sveitarfélög með möguleika á orkunýtingu. Þessa ofna er hægt að fá í ýmsum stærðum allt niður í ofna með vinnslugetu sem er undir eitt tonn á sólarhring. Þessir ofnar byggja á nýlegri tækni og uppfylla allar þær reglur og kröfur sem gerðar eru til sorpbrennslustöðva á Evrópska

Efnahagsvæðinu að sögn söluaðila slíkra ofna. (Mathews Environmental Solutions, 2020); (Eco Waste Solutions, 2020).

Athuga þarf vel gangtíma minni ofna þar sem heildarúrgangsmagn í brennslu er undir 5000 tonnum á ári. Með minni ofnum og úrgangsmagni er stundum ekki hægt að brenna úrgang jafnt yfir árið eða jafnt allan sólarhringinn. Í þeim tilfellum þarf að skoða geymslu þurrefna fyrir vetrarmánuði, ef áætlað er að nota orkuna til húshitunar. Rekstrarkostnaður minni sorpbrennslustöðva er hærri (kr/kg) í samanburði við stærri brennslustöðvar. Þörf er á skilvirkari og nákvæmari gagnaöflun í flestum sveitarfélögum til þess að geta áætlað nákvæmari orkunýtingarmöguleika og stærð hvers brennsluofns. Einnig þarf að taka tillit til brennslu á dýrahræjum og hvort það þurfi sérstaka ofna fyrir þann úrgang.

10.4 Sorpbrennsla á íslenskum úrgangi erlendis

Framleiðsla orku í brennslustöðvum erlendis dregur úr þörf á annarri orkuframleiðslu, t.d. brennslu kola. Ef byggð væri brennslustöð á Íslandi til orkuframleiðslu kæmi sú orka í staðinn fyrir t.d. vatnsaflsorku, sem er einn umhverfisvænasti orkugjafi sem vol er á.

Framleiðsla á 1 MWh af orku með brennslu kola losar um 1020 kg CO₂-ígildi (Landsvirkjun, 2008). Framleiðsla á 1 MWh af orku með því að brenna úrgang til orkuframleiðslu losar um 367 kg CO₂ ígildi (IEA Bioenergy, 2003). Meðallosun við orkuframleiðslu á Íslandi er 2 kg CO₂ ígildi/MWh_{to} (Landsvirkjun, 2019)

Danska umhverfisráðuneytið lét framkvæma rannsókn á sorpbrennslustöðvum í Danmörku og sýndi sú rannsókn fram á töluverðan sparnað á losun koltvísýrings við að framleiða orku með sorpbrennslu í stað þess að brenna kol. Vestforbrænding sorpbrennslustöðin í Kaupmannahöfn var tekin sem dæmi í þessum útreikningum danska umhverfisráðuneytisins og telst sú brennslustöð vera hátaeknistöð, með afar góða nýtni upp á > 90% (Technical University of Denmark).

Í Tafla 11 eru teknir saman útreikningar á losun CO₂ ígilda fyrir hvert tonn af brennanlegum úrgangi sem viðbúið er að verði árið 2030. Þar er borin saman brennsla á þeim úrgangi hérlendis og ef sá úrgangur yrði sendur til Danmerkur til brennslu. Reiknað er út frá orkuinnihaldi (MWh_{to}) þess úrgangs sem myndast árið 2030 og gert er ráð fyrir að nýtni brennslunar sé 100%. Á Íslandi er gert ráð fyrir að staðgengi orkuframleiðslunnar sé út frá meðaltalslosun Landsvirkjunar (Landsvirkjun, 2019) en í Danmörku er gert ráð fyrir að orkuframleiðslan sé staðgengi kolabrennslu (fyrir nánari skýringar og útreikningar sjá viðauka 19.6).

Tafla 11: Samantekt yfir kolefnisútreikninga þess að urða úrgang árið 2030 á Íslandi, senda úrganginn til Danmerkur í brennslu eða brenna úrganginn á Íslandi.

	Brennsla á úrgangi á ÍSL til orkuframleiðslu	Brennsla á úrgangi í DK til orkuframleiðslu	Eining
Heildarmagn brennanlegs úrgangs árið 2030 (SM2)	90475	90475	tonn
Losun frá meðhöndlun úrgangs	828	828	kg CO ₂ eq/tonn
Losun frá flutningi	0	84	kg CO ₂ eq/tonn
Staðgengi orkuframleiðslu (ÍSL = Meðaltal Landsvirkjunar*, DK = Losun frá kolum*)	-14	-2229	kg CO ₂ eq/tonn
Losun með staðgengi	814	-1317	kg CO ₂ eq/tonn

*Meðaltalslosun Landsvirkjunar er 2 kg CO₂ eq/MWh_{to} (Landsvirkjun, 2019) sem gerir 14 kg CO₂ eq/tonn miðað við orkuinnihald þess úrgangs sem viðbúið er að myndist árið 2030 (537.683 MWh í 90.475 tonnum úrgangs). Meðaltalslosun frá kolabrennslu í Danmörku er 375 kg CO₂ eq/MWh_{to} (IEA Bioenergy, 2003) sem gerir 2229 kg CO₂ eq/tonn miðað við orkuinnihald þess úrgangs sem viðbúið er að myndist árið 2030. Sjá fulla töflu útreikninga í viðauka 19.6.

Til lengri tíma litið er þó ekki öruggt að reiða sig á aðgengi að brennsluofnum erlendis (Center for EcoTechnology, 2018). Holland hefur t.d. sett háa skatta á innfluttan úrgang ætlaður brennslu (EUWID, 2020) og Danmörk hefur hrint af stað áformum sínum um að auka endurvinnslu og er byrjuð að loka sorpbrennslustöðvum (EUWID, 2020). Í fleiri löndum eru svipuð áform uppi vegna þeirra markmiða sem sett hafa verið fyrir lönd í ESB og EFTA. Þar að auki eru mörg lönd eins og t.d. Danmörk, Þýskaland og Írland að hverfa frá kolabrennslu til orkunýtingar og um leið verður samanburðurinn í Tafla 11 ekki eins marktækur.

11 Samantekt á möguleikum sorpbrennslu til orkunýtingar

Kostir þess að vera með eina brennslustöð á landinu er að rekstrarkostnaður er lágor samanborið við margar litlar ef litið er til (kr/kg). Álitlegasta staðsetning á slíkum ofni er í eða nálægt höfuðborgarsvæðinu þar sem uppsprettar brennanlegs úrgangs er sírka 73% af heildinni yfir landinu öllu. Ofninn þyrfti að geta brennt um 11 til 13 tonn/klst ef miðað er við 8000 klst gangtíma á ári. Kostir þess að brennslustöðvum yrði dreift um landið er að dregið yrði úr flutningi á úrgangi á milli landshluta og hægt væri hugsanlega að bæta orkuöryggi á ákveðnum stöðum á landinu. Orkunýting væri meiri á köldum svæðum þar sem nýta mætti orkuna til húshitunar. Þörf er á skilvirkari og nákvæmari gagnaöflun í flestum sveitarfélögum til þess að geta áætlað nákvæmari orkunýtingarmöguleika og stærð sérhvers brennsluofns.

Kostir þess að sorpbrennsla fari fram erlendis er að nettó heildarlosun gróðurhúsaloftegunda frá brennslu samanborið við urðun úrgangs er minni erlendis en á Íslandi. Það er þó alfarið byggt á samanburði við orkuframleiðslu með kolum erlendis, en mörg lönd hafa sett sér það markmið að hætta notkun á kolum við orkuframleiðslu fyrir 2037. Kostnaður við útflutning á úrgangi getur verið mjög breytilegur (fer eftir olíuverði, gengi gjaldmiðla o.s.frv.) og getur einnig hækkað töluvert á komandi árum í formi skatta á innfluttan úrgang. Holland hefur t.d. nýlega samþykkt verulega skatta hækjun á innfluttan úrgang. Aðalástæðan fyrir því að Danmörk hefur verið að brenna úrgang erlendis frá er vegna ofmats á stærð ofna og áformar danska ríkisstjórnin því að loka hluta af brennsluofnum sínum á komandi árum.

12 Umræða

Gagnagrunnur umhverfisstofnunar er grunnurinn fyrir spálíkan um úrgangsmagn á Íslandi. Þar þyrfti að bæta upprunaskráningu úrgangs og mikilvæg viðbót væri að gera reglulegar rannsóknir á samsetningu blandaðs heimilisúrgangs, blandaðs óskilgreinds úrgangs og blandaðs byggingar- og niðurrifsúrgangs í öllum landshlutum.

Áður en ráðist er í uppbyggingu á sorpbrennslutöð eða stöðvum þá er nauðsýnilegt að skoða nánar innihald blandaðs úrgangs á öllu landinu, greiða úr upprunaskráningu úrgangs og skoða tækifæri til þess að nýta aukaafurðir sorpbrennsluofna á Íslandi. Í þessu samhengi er sérstaklega horft til nýtingu botnösku, koltvíoxíðs og hvernig á að meðhöndla flugösku.

Í kjölfarið á þessari greiningu væri vert að skoða þörf á gas- og jarðgerðarstöðvum, skolphreinsistöðvum og endurvinnslustöðvum á Íslandi og hvernig það hefði frekari áhrif á þörf fyrir sorpbrennslu. Uppbygging sorpbrennslustöðva felur í sér aukið aðgengi að þess konar úrgangsmeðhöndlunarúrræði og í því samhengi væri ákjósanlegt að sama aðgengi næðust einnig fyrir endurvinnslu úrgangsefna. Jafnframt hefur aukin skolphreinsun í för með sér aukningu á brennanlegum úrgangsefnum og fleiri gas- og jarðgerðarstöðvar geta dregið úr magni blandaðs heimilisúrgangs og annarra brennanlegra úrgangsefna. Í kafla 10.4 er rætt um brennslu úrgangs erlendis og því samhliða er nauðsynlegt að ræða hvort öruggt sé að endurvinnslustöðvar erlendis haldi áfram að taka á móti endurvinnsluefnum frá Íslandi.

13 Heimildaskrá

- Christensen, T. H. (2011). *Solid Waste Technology & Management*. Lyngby: Blackwell Publishing Ltd.
- Commission, E. (25. November 2002). Regulation (EC) No 2150/2002 of The European Parliament and of the Council on waste statistics. Brussels, Belgium: Official Journal of the European Communities.
- Beigl, P., Wasserman, G., Schneider, F., & Salhofer, S. (2004). *Forecasting Municipal Solid Waste Generation in Major European Cities*. International Congress on Environmental Modelling and Software. 83.
- McGraw-Hill handbooks. (2002). *Handbook of Solid Waste management - second edition*.
- Bach, H., Mild, A., Natter, M., & Weber, A. (2004). Combining Socio-demographic and logistic factors to explain the generation and collection of waste paper. *Resources, Conservation and Recycling*, 41(1), 65-73.
- Hockett, D., Lober, D. J., & Pilgrim, K. (1995). Determinants of per capita municipal solid waste generation in the Southeastern United States. *Journal of Environmental Management*, 43(3), 205-217.
- Meyles, C. A. (2003). *Förgun úrgangs 1970-2003*. Fenúr.
- Eurostat. (2010). *Guidance on classification of waste according to EWC-Stat categories. Supplement to the Manual for the Implementation of the Regulation (EC)*. Commission of the european communities.
- Landmælingar Íslands. (17. júní 2020). IS 50V Mörk. Reykjavík. Sótt frá <https://gatt.lmi.is/geonetwork/srv/eng/catalog.search#/metadata/A1919501-BA1F-4AEE-ABB8-00A3217258AA>
- Landsvirkjun. (2008). *Kolefnisspor Landsvirkjunar, Loftslagsbókhald 2008*.
- Covenant of Mayors. (án dags.). *Technical annex to the SEAP template instructions document: The Emission Factors*. Sótt frá https://www.eumayors.eu/IMG/pdf/technical_annex_en.pdf
- Tchobangoglous, G., & Kreith, F. (2002). *Handbook of Solid Waste Management*, 2nd ed. McGraw-Hill.
- Aliki Kriekouki, A. L. (2018). *A wasted opportunity? EU environmental standards fo waste incineration plants under review*. Brussels: EEB.
- IEA Bioenergy. (2003). *Municipal Solid Waste and its Role in Sustainability*. IEA Bioenergy.
- Dakofa. (9. July 2020). *Dakofa Waste and Resource Network Denmark*. Sótt frá Incineration in Denmark: <https://dakofa.com/element/incineration-in-denmark/>

EPA - United States Environmental Protection Agency. (án dags.). *Understanding Global Warming Potentials.* Sótt frá Greenhouse Gas Emissions: [https://www.epa.gov/ghgemissions/understanding-global-warming-potentials#:~:text=The%20Global%20Warming%20Potential%20\(GWP,warming%20imparts%20of%20different%20gases.&text=Methane%20\(CH4\)%20is%20estimated,uses%20a%20different%20value.\)](https://www.epa.gov/ghgemissions/understanding-global-warming-potentials#:~:text=The%20Global%20Warming%20Potential%20(GWP,warming%20imparts%20of%20different%20gases.&text=Methane%20(CH4)%20is%20estimated,uses%20a%20different%20value.))

Time for Change. (án dags.). *CO₂ emissions for shipping of goods.* Sótt frá <https://timeforchange.org/co2-emissions-for-shipping-of-goods/>

IPCC - Integrated Pollution Prevention and Control. (2006). *Reference Document on the Best Available Techniques for Waste Incineration.* European Commission.

Kirkeby, J., Gruhnheit, P. E., Møller Andersen, F., Herrmann, I. T., & Karlsson, K. B. (2014). *Experiences with waste incineration for energy production in Denmark.* Roskilde: DTU Management Engineering.

ReSource, I. (2019). *Rannsókn á samsetningu baggaðs úrgangs, nóvember 2018.* Reykjavík: Sorpa bs.

Bundesamt, U. (2008). *The role of waste incineration in Germany.* Umweltbundesamt.

Bundesamt, U. (23. Mars 2015). *Umwelt Bundesamt.* Sótt frá Thermal Treatment: <https://www.umweltbundesamt.de/en/topics/waste-resources/waste-disposal/thermal-treatment#thermal-waste-treatment>

Mathews Environmental Solutions. (2020). *Mathews.* Sótt 07 2020 frá <https://matthewsenvironmentalsolutions.com/us/>

Eco Waste Solutions. (2020). *Eco Waste Solutions.* Sótt 2020 frá <https://ecosolutions.com/>

Center for EcoTechnology. (9. maí 2018). *CET.* Sótt frá Center for EcoTechnology: <https://www.centerforecotechnology.org/what-is-the-national-sword/>

EUWID;. (18. september 2019). *Netherlands will apply hefty tax to RDF imports as of 2020.* Sótt frá Recycling and waste management: <https://www.euwid-recycling.com/news/policy/single/Artikel/netherlands-will-apply-hefty-tax-to-rdf-imports-as-of-2020.html>

EUWID. (20. maí 2020). *Danish ministers call for cuts to waste imports.* Sótt frá Recycling and waste management: <https://www.euwid-recycling.com/news/policy/single/Artikel/danish-ministers-call-for-cuts-to-waste-imports.html>

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. (2020). *Aðgerðaáætlun í loftlagsmálum. Viðauki 1: Lýsing á aðgerðum. F.2 Bann við urðun lífræns úrgangs.* Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Euwid. (5. Maí 2020). *EUWID Recycling and Waste Management.* Sótt frá Danish ministers call for cuts to waste imports: <https://www.euwid.com/>

recycling.com/news/policy/single/Artikel/danish-ministers-call-for-cuts-to-waste-imports.html

ReSource International ehf. (2018). *Rannsókn á samsetningu baggaðs úrgangs*. Reykjavík: Sorpa.

Hagstofa Íslands. (22. 11 2019). Mannfjöldaspá 2019-2068. Reykjavík. Sótt frá <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldaspa/mannfjoldaspa/>

Umhverfisstofnun. (2016). *Starfsleyfi Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.*

Landsvirkjun. (2019). *Loftslagsbókhald 2019*. Landsvirkjun.


Technical University of Denmark. (án dags.). *Waste incineration - recovery of energy and material resources.* Sótt frá https://eng.ecoinnovation.dk/media/mst/8051413/Affald_Case_Forbr%C3%A6nding_web_15.01.13.pdf

Dominic, D. H. (2005). *Costs for Municipal Waste Management in the EU*. Directorate General environment, European Commission.

Viðaukar

Landshlutagreining	47
Eiginleikar úrgangsflokka eftir sviðsmyndum.....	54
Sviðsmynd 1. Óbreytt ástand	58
Sviðsmynd 2. Markmiðum ESB náð	59
Sviðsmynd 3. Besta útkoma	69
Almennt um sorprennsluofna.....	70


14 Landshlutagreining



Mynd 21. Heildarmagn úrgangs 2018 án byggingarefna og annarra óvirkra efna í tonnum eftir landshlutum. Skifurnar gefa til kynna hlutföll endurnýtingar, endurvinnslu og förgunar úrgangssins.

14.1 Austurland

Á Austurlandi var 73,2% af úrgangi efnaúrgangur (EWC-stat flokkur 01.4, 02, 03.1) árið 2018 (sjá Mynd 22). Að frátöldum þeim flokki eru stærstu þrír flokkar: járnriku málmúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 06.1: 4,6%), blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11: 4,2%) og úrgangur frá varmaferlum (EWC-stat flokkur 12.4: 10,9%).




Mynd 22. Samsetning úrgangs sem féll til á Austurlandi árið 2018 flokkað eftir EWC-stat flokkum (sjá töflu 3). Samsetning alls úrgangs annars vegar (vinstri) og samsetning brennanlegs úrgangs hins vegar (hægri).

Þegar litið er á magn brennanlegs úrgangs á Austurlandi var eru stærstu EWC flokkarnir 42,0% blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11), 10,6% blandaður óskilgreindur úrgangur (EWC-stat flokkur 10.22) og 9,7% viðarúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 07.53). Megnið af þessum úrgangi er endurvinnanlegur.

14.2 Höfuðborgarsvæðið

Af öllum úrgangi sem féll til árið 2018 á Íslandi varð 62,8% til á höfuðborgarsvæðinu (sjá Mynd 23). Þar af var 63% úrgangssins jarðefni (t.d. steinar, möl og sandur) (EWC-stat flokkur 12.3). Að þeim flokki frátöldum voru fjórir stærstu flokkarnir blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11: 15.6%), járnríkur málmúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 06.1: 3.4%), malbik (2.9%) og efnaúrgangur (EWC-stat flokkur 01.4,02,03,1: 2.6%).




Mynd 23. Samsetning úrgangs sem féll til á höfuðborgarsvæðinu (HBS) árið 2018 flokkað eftir EWC-stat flokkum (sjá töflu 3). Samsetning alls úrgangs hins vegar (vinstri) og samsetning brennanlegs úrgangs hins vegar (hægri).

Af brennanlegum úrgangi var 69.1% blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11), en megnið af þeim úrgangi væri hægt að flokka.

14.3 Norðurlandi eystra

Á Norðurlandi eystra féll mest til af malbiki árið 2018 eða 35.7% úrgangsins (sjá Mynd 24). Fjórir næst umfangmesti flokkarnir voru blandaður, óskilgreindur úrgangur (t.d. frá rekstri) og veiðarfæri (EWC-stat flokkur 10.22: 16.0%), pappírs- og pappaúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 07.23: 9.5%), dýrahræ, fisk- og sláturúrgangur (EWC-stat flokkur: 09.11: 7.8%) og blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11: 6.2%).




Mynd 24. Samsetning úrgangs sem féll til á Norðurlandi eystra (NE) árið 2018 flokkað eftir EWC-stat flokkum (sjá töflu 3). Samsetning alls úrgangs hins vegar (vinstri) og samsetning brennanlegs úrgangs hins vegar (hægri).

Af þeim brennanlega úrgangi sem féll til á Norðurlandi eystra var meira af blönduðum óskilgreindum úrgangi en blönduðum heimilisúrgangi (EWC-stat flokkar 10.22 og 10.11), en hlutföllin voru 29.0% á móti 11.3%. Einnig var mikið sem féll til af viðarúrgangi (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 07.53) eða um 17.3% og dýrahræ, slátur- og fiskúrgangur (EWC-stat flokkur 09.11) var 14.1%.

14.4 Norðurlandi vestra

Á Norðurlandi vestra var EWC-statflokkur 9.11 (dýrahræ, fisk- og slá turúrgangur) stærstur árið 2018, eða 31.6% (sjá Mynd 25). Fjórir næststærstu úrgangsflokkarnir voru blandaður, óskilgreindur úrgangur (t.d. frá rekstri) og veiðarfæri (EWC-stat flokkur 10.22: 19.3%), blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11: 17,6%), járnrikur málmu ðingur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 06.1: 8.8%) og viðarúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 07.52: 8.0%).




Mynd 25. Samsetning úrgangs sem féll til á Norðurlandi vestra árið 2018 flokkað eftir EWC-statflokkum (sjá töflu 3). Samsetning alls úrgangs hins vegar (vinstrí) og samsetning brennanlegs úrgangs hins vegar (hægri).

Á Norðurlandi vestra er helsti munur á heildarmagni úrgangs og brennanlegs úrgangs sá að járnrikur málmu ðingur er ekki brennanlegur og þannig stækka hinir flokkarnir hlutfallslega. Af brennanlegum úrgangi var mesta magn af dýrahræjum, slá tur- og fiskúrgangi (EWC-stat flokkur 09.11: 35.9%) og blönduðum óskilgreindum úrgangi og blönduðum heimilisúrgangi (EWC-stat flokkar 10.22 og 10.11), 21.9% og 20.0%.

14.5 Suðurland

Á Suðurlandi árið 2018 var 73.9% úrgangs hreinn jarðvegur (sjá Mynd 26). Að þeim flokki frátöldum voru þrír stærstu flokkarnir blandaður, óskilgreindur úrgangur (t.d. frá rekstri) og veiðarfæri (EWC-stat flokkur 10.22: 3.2%), pappírs- og pappaumbúðir (EWC-stat flokkur 07.21: 3.2%) og óvirkur úrgangur (t.d. steypa, flísar, gifs og gler) (EWC-stat flokkur 12.11: 3.2%).




Mynd 26. Samsetning úrgangs sem féll til á Suðurlandi árið 2018 flokkað eftir EWC-stat flokkum (sjá töflu 3). Samsetning alls úrgangs annars vegar (vinstrí) og samsetning brennanlegs úrgangs hins vegar (hægri).

Hins vegar skal hafa í huga(sbr. **Error! Reference source not found.** í kafla 5.1) að þessi gögn byggja nánast eingöngu á gögnum þriggja sveitarfélaga, þ.e. Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps og Hornafjarðar.

14.6 Suðurnes

Á Suðurnesjum var 64.2% af úrganginum hreinn jarðvegur (EWC-stat flokkur 12.6) og 21.6% jarðefni (t.d. steinar, möl og sandur) (EWC-stat flokkur 12.3) árið 2018 (sjá Mynd 27). Þriðji stærsti flokkurinn var blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11: 4.1%) en heldur jafnari voru flokkarnir viðarúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 07.53: 1.6%) og malbik (EWC-stat flokkur 12.12: 1.4%).




Mynd 27. Samsetning úrgangs sem féll til á Suðurnesi árið 2018 flokkað eftir EWC-stat flokkum (sjá töflu 3). Samsetning alls úrgangs annars vegar (vinstri) og samsetning brennanlegs úrgangs hins vegar (hægri).

Af brennanlegum úrgangi á Suðurnesjum var 40.2% blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11), 12.0% pappírs- og pappaumbúðir (EWC-stat flokkur 07.21) og 15.2% viðarúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 07.53).

14.7 Vestfirðir

Á Vestfjörðum var 73.8% úrgangsins árið 2018 blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11) (sjá Mynd 28). Þrír stærstu flokkarnir, að honum frátöldum, voru pappírs- og pappaumbúðir (EWC-stat flokkur 07.21: 6.0%), járnrikur málmúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 06.1: 2.3%) og matarúrgangur frá eldhúsum og verslunum (flokkur 09.12: 2.3%).




Mynd 28. Samsetning úrgangs sem féll til á Vestfjörðum árið 2018 flokkað eftir EWC-stat flokkum (sjá töflu 3). Samsetning alls úrgangs annars vegar (vinstri) og samsetning brennanlegs úrgangs hins vegar (hægri).

Lítill munur var á samsetningu alls úrgangs og brennanlegs úrgangs á Vestfjörðum en áberandi hátt hlutfall úrgangsins er blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11: 80.1%).

14.8 Vesturland

Á Vesturlandi var 63.4% úrgangsins árið 2018 efnaúrgangur (EWC-stat flokkur 01.4, 02, 03.1) (sjá Mynd 29). Fjórir stærstu flokkarnir, að honum frátöldum, voru jarðefni (t.d. steinar, möl og sandur) (EWC-stat flokkur 12.3: 8.8%), blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11: 8.2%), viðarúrgangur (ekki umbúðir) (EWC-stat flokkur 07.53: 4.4%) og úrgangur frá varmaferlum (EWC-stat flokkur 12.4: 4.2%).



Mynd 29. Samsetning úrgangs sem féll til á Vesturlandi árið 2018 flokkað eftir EWC-stat flokkum (sjá töflu 3). Samsetning alls úrgangs annars vegar (vinstri) og samsetning brennanlegs úrgangs hins vegar (hægri).

Af brennanlegum úrgangi á Vesturlandi var blandaður heimilisúrgangur (EWC-stat flokkur 10.11) 48.0% og blandaður óskilgreindur úrgangur (EWC-stat flokkur 10.22) 8.9%. Að öðru leyti var viðarúrgangur áberandi (EWC-stat flokkur 07.53), eða 25.7%.

15 Eiginleikar úrgangsflokka eftir sviðsmyndum

Tafla 12: Eiginleikar EWC-statúrgangsflokka fyrir Sviðsmynd 1, 2025-2045

EWC-stat úrgangsflokkur	Lýsing	Orkuinnihald (MJ/kg) (LHV)	Vatn (%)	Aska (%)	Brennanlegtefni (%)
01.1	Notaðir leysar	40,7	0,0	0,0	100,0
01.3	Notaðar olíur	40,7	0,0	0,0	100,0
03.3	Eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun úrgangs	-0,5	90,0	2,0	8,0
05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum	10,5	49,1	1,6	49,4
07.21	Pappírs- og pappaumbúðir	11,1	22,3	10,4	67,3
07.23	Pappírs- og pappaúrgangur (ekki umbúðir)	12,0	7,4	16,1	76,5
07.3	Hjólbardar og annað gúmmí	27,2	7,7	9,0	83,3
07.41	Plastumbúðir	33,0	8,7	4,1	87,2
07.42	Plastúrgangur (ekki umbúðir)	33,0	8,7	4,1	87,2
07.51	Viðarumbúðir	14,9	19,7	1,3	79,0
07.53	Viðarúrgangur (ekki umbúðir)	15,1	18,4	3,7	77,8
07.6	Textílúrgangur	19,8	6,0	3,4	90,6
08.2	Raf- og rafeindatækjaúrgangur	19,8	6,0	3,4	90,6
09.11	Dýrahræ, slátur- og fiskiúrgangur	24,6	57,1	3,7	39,2
09.12	Matarúrgangur frá eldhúsum og verslunum	10,8	35,9	9,5	53,8
09.21	Garðaúrgangur, garðyrkju- og skógræktarúrgangur	5,4	50,4	13,6	36,0
09.31	Húsdýraskítur	3,3	69,2	7,0	23,9
10.11	Blandaður heimilisúrgangur (sorpirða, gámasvæði, rúmfrekur úrg.)	20,8	15,3	26,4	58,3
10.12	Úrgangur frá götuhreinsun	10,5	42,0	19,7	38,3
10.22	Blandaður, óskilgreindur úrgangur (t.d. frá rekstri)	20,8	0,0	0,0	0,0
10.3	Leifar frá meðhöndlun úrgangs	10,5	42,0	19,7	38,3
11.4	Ristarúrgangur og seyra	-0,5	90,0	2,0	8,0

Tafla 13: Eiginleikar EWC-stat úrgangsflokka fyrir Sviðsmynd 2, 2025

EWC-statkóði	Lýsing	Orkuinnihald (MJ/kg) (LHV)	Vatn (%)	Aska (%)	Brennanlegt efni (%)
01.1	Notaðir leysar	40,7	0,0	0,0	100,0
01.3	Notaðar olíur	40,7	0,0	0,0	100,0
03.3	Eðja og fljótandi úrgangur frá meðhöndlun úrgangs	-0,5	90,0	2,0	8,0
05	Úrgangur frá heilbrigðisstofnunum	10,5	49,1	1,6	49,4
07.21	Pappírs- og pappaumbúðir	11,1	22,3	10,4	67,3
07.23	Pappírs- og pappaúrgangur (ekki umbúðir)	12,0	7,4	16,1	76,5
07.3	Hjólbarðar og annað gúmmí	27,2	7,7	9,0	83,3
07.41	Plastumbúðir	33,0	8,7	4,1	87,2
07.42	Plastúrgangur (ekki umbúðir)	33,0	8,7	4,1	87,2
07.51	Viðarumbúðir	14,9	19,7	1,3	79,0
07.53	Viðarúrgangur (ekki umbúðir)	15,1	18,4	3,7	77,8
07.6	Textílúrgangur	19,8	6,0	3,4	90,6
08.2	Raf- og rafeindatækjaúrgangur	19,8	6,0	3,4	90,6
09.11	Dýrahræ, slátur- og fiskiúrgangur	24,6	57,1	3,7	39,2
09.12	Matarúrgangur frá eldhúsum og verslunum	10,8	35,9	9,5	53,8
09.21	Garðaúrgangur, garðyrkju- og skógræktarúrgangur	5,4	50,4	13,6	36,0
